




AUÐLINDIN OKKAR
STEFNA UM SJÁVARÚTVEG



Bráðabirgðaniðurstöður Auðlindarinnar okkar

17. janúar 2023



Samantekt



Starfshópar Auðlindarinnar okkar
eru **hálfnaðir** með vinnu sína



Búið er að:

- setja fram tilgátur og rannsóknarspurningar
- afla gagna
- halda fundi með sérfræðingum, hagaðilum og almenningi
- leggja drög að tillögum

Eftir er að:

- leggja mat á valkosti með hliðsjón af efnahagslegum, samfélagslegum og umhverfislegum þáttum
- útfæra tillögur með frekari vinnslu gagna
- gera aðgerðaáætlun

Mikilvægt er að efna til samráðs og opinberrar umræðu áður en endanlegum tillögum er skilað.

Starfshóparnir munu skila lokaniðurstöðum í maí 2023.




Þrjú skref í átt að sjálfbærum sjávarútvegi

Hvernig hönnum við stjórnkerfi sjávarútvegsins til að uppfylla sem best kröfur um sjálfbærni umhverfis, efnahags og samfélags?



Skref 1: Umhverfið í öndvegi

Hvaða kröfur gerum við um umgengni við umhverfið?



Skref 2: Hámörkun verðmæta

Hvernig hámörkum við verðmætin innan þeirra marka, sem umhverfið setur?




Skref 3: Sanngjörn dreifing

Hvernig tryggjum við að þau verðmæti skili sér á sanngjarnan hátt?



60 bráðabirgðatillögur lagðar fram í hálfleik

Tillögur starfshópsins taka á ýmsum ólíkum þáttum sjávarútvegs, svo sem fiskveiðistjórnun, rannsóknum, menntun, umgengni, starfsskilyrðum og markaðssetningu. Á þessu stigi eru tillögurnar komnar mislangt og leggja starfshóparnir áherslu á að þær eru enn í vinnslu.






Bráðabirgðatillögur starfshópanna



Skref 1: Umhverfið í öndvegi

- A. Rannsóknir og nýsköpun
- B. Verndarsvæði, veiðisvæði og veiðarfæri
- C. Umgengni um sjávarauðlindina
- D. Orkuskipti í sjávarútvegi



Skref 2: Hámörkun verðmæta

- E. Kerfi fiskveiðistjórnunar
- F. Nýting gagna
- G. Markaðssetning, sala og orðspor
- H. Menntun



Skref 3: Sanngjörn dreifing

- I. Auðlindagjöld
- J. Gagnsæi sjávarútvegsfyrirtækja
- K. Starfsumhverfi í sjávarútvegi
- L. Löggjöf á sviði fiskveiðistjórnunar



Bráðabirgðatillögur starfshópanna — yfirlit

A. Rannsóknir og nýsköpun

Tillaga 1 — Efla hafrannsóknir og forgangsraða auknu fjármagni til hafrannsókna sem er ekki bein ráðgjöf um nýtingu nytjastofna

Tillaga 2 — Skilja á milli ráðgjafar og rannsókna Hafrannsóknastofnunnar

Tillaga 3 — Hvetja til aukinnar samvinnu rannsóknaraðila, háskóla og fyrirtækja í sjávarútvegi (nýtingaraðila)

Tillaga 4 — Bæta upplýsingagjöf og almenna þekkingu um skattahagræði nýsköpunarfyrirtækja

Tillaga 5 — Nýjar nýtingaleiðir í sjó fari í umhverfismat og vistkerfisnálgun beitt við ákvarðanatöku

B. Verndarsvæði, veiðisvæði og veiðarfæri

Tillaga 6 — Vinna heildstæða stefnu um verndun hafsvæða sem tekur til fleiri þátta en fiskveiðistjórnunar

Tillaga 7 — Verndarmarkmið svæða í hafi skilgreind og svæðin stækkuð

Tillaga 8 — Veiðisvæði verði eingöngu miðuð við tegund veiðarfæra, en ekki stærð eða afl skipa

Tillaga 9 — Yfirfara lög og reglur til að tryggja að þær dragi ekki úr hvötum til þróunar á veiðafærum

Tillaga 10 — Setja hvata svo tilkynnt sé um öll töpuð veiðafæri og innleiða staðlaðar merkingar á öll veiðafæri



Bráðabirgðatillögur starfshópanna — yfirlit

C. Umgengni um sjávarauðlindina

Tillaga 11 — Allur veiddur afli komi í land. Setja hvata til að tryggja að óæskilegur afli komi að landi

Tillaga 12 — Samræma vigtun afla og gera ferlið skilvirkara

Tillaga 13 — Setja frekari skilyrði um gæði í meðhöndlun á fiski við strandveiðar

Tillaga 14 — Setja hvata til nýtingar og endurnýtingar

D. Orkuskipti í sjávarútvegi

Tillaga 15 — Setja á fót sjóð þar sem orkuskipti í sjávarútvegi eru samfjármögnuð

Tillaga 16 — Við breytingar á strandveiðikerfi verði hugað að fyrirkomulagi sem hámarkar orkunýtingu



Bráðabirgðatillögur starfshópanna — yfirlit

E. Kerfi fiskveiðistjórnunar

Tillaga 17 — Viðhalda aflamarkskerfinu

Tillaga 18 — Skerpa og endurskoða markmið strandveiða

Tillaga 19 — Tilfærsla almenns byggðakvóta

Tillaga 20 — Endurskoða skel- og rækjubætur og línuvílnun

Tillaga 21 — Ráðstöfun sértækra byggðakvóta til byggða þar sem veiðar og vinnsla eiga framtíð fyrir sér

Tillaga 22 — Afnema 5,3% kerfið og nýta afraksturinn til uppbyggingar dreifðra byggða

Tillaga 23 — Skoða hvort, hvar og hvernig sé heppilegt að koma á kerfi með svæðisbundnum nýtingarrétti

Tillaga 24 — Herða veiðiskyldu



Bráðabirgðatillögur starfshópanna — yfirlit

F. Nýting gagna

Tillaga 25 — Koma á rafrænni skráningu um rekjanleika afla í allri virðiskeðjunni

Tillaga 26 — Skilgreina og byggja upp miðlægt gagnasafn til að halda utan um öll þau gögn sem verða til í sjávarútvegi

Tillaga 27 — Fyrirtækjum í veiðum og vinnslu og stofnunum verði skylt að afhenda gögn í gagnagrunn



Bráðabirgðatillögur starfshópanna — yfirlit

G. Markaðssetning, sala og orðspor

Tillaga 28 — Tryggja þarf áherslu á sjávarútveg innan Íslandsstofu

Tillaga 29 — Vinna stefnu um markaðssetningu Íslands (marketing of nations)

Tillaga 30 — Koma á fót opinberum upplýsinga-, gæða- og sjálfbærnivettvangi

Tillaga 31 — Auka vitund um mikilvægi og heimild til notkunar íslenska fánans eða annarrar upprunamerkingar á íslenskar sjávarafurðir

Tillaga 32 — Þrýsta á upprunaupplýsingar og upplýsingar um kolefnisfótspor

Tillaga 33 — Yfirfara regluverk og aðgerðir innan fiskveiðistjórnunar, hvort þar séu þættir sem hamli eða skapi neikvæða hvata gegn stöðugu framboði íslenskra sjávarafurða

Tillaga 34 — Stjórnvöld vinni að því að ná fram hagstæðari tollasamningum / fríverslunarsamningum



Bráðabirgðatillögur starfshópanna — yfirlit

H. Menntun

Tillaga 35 — Efla samráðsvettvang um menntun í sjávarútvegi fyrir sjávarútvegsfyrirtæki, rannsóknar- og menntastofnanir

Tillaga 36 — Tryggja að skólar geti tekið við og menntað fleiri nemendur

Tillaga 37 — Stjórnvöld standi fyrir kynningarátaki á fjölbreyttum námsmöguleikum og störfum í sjávarútvegi fyrir öll skólastig

Tillaga 38 — Breyta ímynd og námsumhverfi á námsbrautum tengdum sjávarútvegi og laða að fjölbreyttari nemendahópa með tilliti til kyns og uppruna

Tillaga 39 — Bjóða og styðja við nám í tæknifögum, iðngreinum og fleiri lykilfögum sjávarútvegs sem næst heimabyggðum um allt land

Tillaga 40 — Efla og þróa þverfaglegt nám sem tengist sjávarútvegi

Tillaga 41 — Draga úr íþyngjandi áhrifum löggildinga

Tillaga 42 — Færa seinni hluta lengri námslína í iðn- og tækninámi á framhaldsskólastigi upp á háskólastig

Tillaga 43 — Efla menntun og rannsóknir í upplýsingatækni á Íslandi, með áherslu á gervigreind og hagnýtingu stórra gagnasafna

Tillaga 44 — Auka aðgengi greinarinnar að menntuðu fólki í markaðsfræði og sölustýringu í sjávarútvegi



Bráðabirgðatillögur starfshópanna — yfirlit

I. Auðlindagjöld

Tillaga 45 — Hækka veiðigjald og einfalda útreikning þess

Tillaga 46 — Taka upp fyrningaleið

Tillaga 47 — Auðlindasjóður og lögbundin dreifing til sveitarfélaga

J. Gagnsæi sjávarútvegsfyrirtækja

Tillaga 48 — Aukið gagnsæi í eignarhaldi sjávarútvegsfyrirtækja

Tillaga 49 — Aukið gagnsæi í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja

Tillaga 50 — Úttekt á áhrifum eigna- og stjórnunartengsla innan sjávarútvegs og í óskyldum greinum

Tillaga 51 — Önnur viðmið um hámarksaflahlutdeild og tengda aðila



Bráðabirgðatillögur starfshópanna — yfirlit

K. Starfsumhverfi í sjávarútvegi

Tillaga 52 — Samstillt átak stjórnvalda og fyrirtækja í sjávarútvegi um sífellda og nútímalega öryggisfræðslu í sjávarútvegi

Tillaga 53 — Skylda öll fiskiskip til að innleiða öryggisstjórnunarkerfi

Tillaga 54 — Bæta umgjörð um andlegt öryggi starfsmanna til sjós

Tillaga 55 — Gildissvið löggjafar um kynjakvóta í stjórnnum verði útvíkkað þannig að skyldan nái til hagsmuna- og félagasamtaka yfir ákveðinni stærð

Tillaga 56 — „Kvenna/kvára“ fyrsta togarann í íslenskum sjávarútvegi þannig að konur/kvár séu a.m.k. 30% starfsfólks um borð

Tillaga 57 — Skilja stöðu fjölbreytileikans

Tillaga 58 — Hvetja til þess að laus störf í sjávarútvegi séu auglýst til umsókna

L. Löggjöf á sviði fiskveiðistjórnunar


Tillaga 59 — Einfalda og samræma löggjöf á sviði fiskveiðistjórnunar í ein heildarlög

Tillaga 60 — Lögfesta í stjórnarskrá ákvæði um fiskveiðiauðlindina sem sameign þjóðarinnar



Efnisyfirlit

<u>Vinna við sjávarútvegsstefnu</u>	17
<u>Sjálfbær þróun</u>	32
<u>Bráðabirgðatillögur starfshópa</u>	65
<u>Viðaukar</u>	199



1. Vinna við sjávarútvegsstefnu



Markmið matvælaráðherra með starfi um sjávarútvegsstefnu

„Hagkvæm og sjálfbær nýting sjávarauðlinda
í sátt við umhverfi og samfélag“

Áherslur og verklag við stefnumótun á sviði matvæla:
[https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3162](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3162)



Vinna við gerð sjávarútvegsstefnu byggir á:



Stjórnarsáttmála

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er kveðið á um skipan nefndar til að kortleggja áskoranir og tækifæri í sjávarútvegi.



Áherslum og verklagi við stefnumótun á sviði matvæla

Í greinargerð matvælaráðherra frá 28. febrúar 2022 er kveðið nánar á um skipulag og tímaáætlun vinnu við sjávarútvegsstefnu.




Heimsmarkmiðunum

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru samþætt og órjúfanleg og mynda jafnvægi milli þriggja stöða sjálfbærrar þróunar; hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu.



Drög að matvælastefnu

Matvælaráðherra kynnti drög að matvælastefnu á Matvælapingi þann 22. nóvember 2022.



Stjórnarsáttmáli

Sjávarútvegsmál

„Skipuð verður nefnd til að kortleggja áskoranir og tækifæri í sjávarútvegi og tengdum greinum og meta þjóðhagslegan ávinning fiskveiðistjórnunarkerfisins. Nefndinni verður falið að bera saman stöðuna hér og erlendis og leggja fram tillögur til að hámarka möguleika Íslendinga til frekari árangurs og samfélagslegrar sáttar um umgjörð greinarinnar. Nefndin fjalli einnig um hvernig hægt er auka gagnsæi í rekstri fyrirtækja í sjávarútvegi og þá sérstaklega meðal stærstu fyrirtækja landsins. Þá meti nefndin árangur af atvinnu- og byggðakvóta og strandveiðum til að styðja við atvinnulíf í landsbyggðunum.“

<https://www.stjornarradid.is/library/05-Rikisstjorn/Stjornarsattmali2021.pdf>



Heimsmarkmiðin og sjávarútvegur


Sjálfbærar veiðar

Stefna stjórnvalda í fiskveiðistjórn er að lifandi auðlindir hafsins séu nýttar á sjálfbæran hátt. Markmið um að koma í veg fyrir ofveiði og ólöglegar veiðar er vel á veg komið. Á Íslandi hefur verið byggt upp fiskveiðistjórnarkerfi sem stuðla á að ábyrgum fiskveiðum á sjálfbærum grunni og góðri umgengni um vistkerfi hafsins og byggir á víðtækum rannsóknum á fiskstofnum og vistkerfinu.

Vernd haf- og strandsvæða

Ákvarðanir íslenskra stjórnvalda um vernd og nýtingu lifandi auðlinda sjávar og stranda og verndun vistkerfisins eru byggðar á vísindalegri ráðgjöf. Ísland hefur tilkynnt 14 verndarsvæði í hafi innan efnahagslögsögu Íslands í gagnagrunn OSPAR samningsins. Fjöldmörg önnur svæði eru lokuð í því skyni að vernda lífríki hafsins, ekki síst smáfisk. Sum svæðanna eru lokuð tímabundið, en önnur hafa verið lokuð í áratugi.

<https://www.heimsmarkmidin.is/forsida/hagnytt-efni/merki/?itemid=0b2bf75f-3f2a-11e9-9436-005056bc530c>



Ný nálgun við þær fjölmörgu áskoranir og tækifæri sem eru í sjávarútvegi og snerta samfélagið allt með beinum og óbeinum hætti:

- Samráðsnefnd um sjávarútvegsstefnu.
- Fjórir starfshópar til að kortleggja áskoranir og tækifæri í sjávarútvegi og tengdum greinum.



Matvælastefna til 2040

Áhersluatriði matvælastefnu:

1. Gæði matvæla
2. Sjálfbærni
3. Vistkerfisnálgun
4. Fullnýting
5. Kolefnishlutleysi
6. Matvælaöryggi
7. Fæðuöryggi
8. Arðbær framleiðsla
9. Tryggð byggðafesta
10. Samfélagsgæði
11. Menntun
12. Rannsókn- og nýsköpunarstarf

https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MAR/Fylgiskjol/drog_ad_matvaelastefnu_nov_22.pdf



Margt hefur verið gert til að reyna að skapa meiri sátt

1991
Tvíhöfðanefndin

1998
Lög um hámarks-
aflahlutdeild

2000
Auðlindanefndin

2001
Endurskoðunar-
nefndin

2004
Lög um veiðigjöld

2009
Sáttanefndin

2011
Strandveiðar

2012
Breytt lög
um veiðigjöld


2015
Drög að frumvarpi
um samningaleið

2017
Nefnd um
framtíðarfyrirkomulag
gjaldtöku

2018
Breytt lög
um veiðigjöld

2019
Nefnd um
félagslega kerfið





Margt gagnlegt hefur verið gert og ritað en hefur sáttin náðst?

Tæplega 200 lagafrumvörp er varða fiskveiðistjórnun hafa verið lögð fram á Alþingi frá árinu 1995. Á sama tíma hafa á fjórða tug skýrslna verið ritaðar um sjávarútveg.


Í ljósi reynslunnar af vinnu við endurskoðun á fiskveiðilöggjöfinni taldi matvælaráðherra æskilegt að beita nýrri nálgun við gerð sjávarútvegsstefnu. Í stað einnar stórrar nefndar valdi ráðherra að stofna til opins og gagnsæs verkefnis sem unnið verði skipulega að á kjörtímabilinu.

Í vinnunni er byggt á þeim grunni sem lagður hefur verið með vinnu ýmissa nefnda á undanförunum áratugum.



Stefnumótunin fékk heitið „Auðlindin okkar“ og samanstendur af samráðsnefnd og fjórum starfshópum


Samráðsnefnd um sjávarútvegsstefnu




Samfélag



Aðgengi



Umgengni



Tækifæri

Önnur verkefni

Í viðauka er gerð grein fyrir starfshópunum fjórum og öðrum verkefnum

Stjórnunar- og eignatengsl í sjávar-
útveg – kortlagning og gagnagrunnur

Staða
hafrannsóknna

Markvissari og skilvirkari öflun
og úrvinnsla gagna


Hagrænir útreikningar
og sviðsmyndir í sjávarútvegi

Könnun um viðhorf landsmanna til
íslensks fiskveiðistjórnunarkerfis



Tímalína – Hvað hefur verið gert

Júní til desember 2022



Skipun starfshópa.
1. fundur samráðsnefndar.
2. fundur samráðsnefndar.

**Júní-ágúst
2022**

Verkluti
Mótun verkþátta
og tillagna.

Afurð
Verkefnahugmyndir
kynntar.



3. og 4. fundur samráðsnefndar.
Vefsíðan Auðlindin okkar fór í loftið.
Greinargerð um stöðu vinnu
við sjávarútvegsstefnu kynnt
í samráðsgátt.

**September-nóvember
2022**

Verkluti
Viðtöl við
hagaðila.

Afurð
Úrvinnsla viðtala
við hagaðila.



Kveikjur og rannsóknarspurningar.
Rætt við hagaðila.
Opnir samræðufundir á Ísafirði,
Eskifirði, Vestmannaeyjum og Akureyri.

**Nóvember-desember
2022**

Verkluti
Stöðuskýrsla fyrir
árslok 2022.

Afurð
Bráðabirgða-
niðurstöður.



Opnir fundir á landsbyggðinni

Haldnir voru fjórir opnir fundir á Ísafirði, Eskifirði, Vestmannaeyjum og Akureyri í október og nóvember 2022.

Góðar umræður voru á þessum fundum. Um 300 manns sóttu fundina og tæplega fimm þúsund manns fylgdust með í streymi.



AUÐLINDIN OKKAR
STEFNA UM SJÁVARÚTVEG



Stjórnarráð Íslands
Matvælaráðuneytið

Auðlindin okkar

Taktu þátt í umræðunni

Ísafirði,

Edinborgarhúsinu
25. október | 17:00–19:00

FUNDARSTJÓRI:

Gylfi Ólafsson

formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar

Eskifirði,

Valhöll
1. nóvember | 17:00–19:00

FUNDARSTJÓRI:

Stefán Þór Eysteinnsson

formaður bæjarráðs Fjarðabyggðar

Vestmannaeyjum,

Akóges-salnum
8. nóvember | 17:00–19:00

FUNDARSTJÓRI:

Íris Róbertsdóttir

bæjarstjóri í Vestmannaeyjum

Akureyri,

Hofi
15. nóvember | 17:00–19:00

FUNDARSTJÓRI:

Ásthildur Sturludóttir

bæjarstjóri á Akureyri



Vefsíða verkefnisins audlindinokkar.is var opnuð í október og þar er að finna stórt gagnasafn um sjávarútveg



Í lok maí 2022 skipaði Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra fjóra starfshópa til að greina áskoranir og tækifæri í sjávarútvegi og tengdum greinum ásamt því að meta þjóðhagslegan ávinning fiskveiðistjórnunarkerfisins. Starfshóparnir eru *Samfélag*, *Aðgengi*, *Umgengni* og *Tækifæri*.

Í ljósi reynslu af vinnu við endurskoðun á fiskveiðilöggjöfnni á undanförunum árum og áratugum varð niðurstaða matvælaráðherra sú að beita þyrfti nýrri nálgun við þær fjölmörgu áskoranir og tækifæri sem eru í sjávarútvegi og snerta samfélagið allt með beinum og óbeinum hætti. Í stað einnar stórrar pólitískrar nefndar er nú komið á laggirnar opnu, þverfaglegu og gagnsæju verkefni fjölmargra aðila sem unnið verður með skipulegum hætti á kjörtímabilinu.

| FRÉTTIR

Vilt þú hafa áhrif?

Hafðu samband ef þig langar að koma upplýsingum á framfæri, ert með hugmyndir eða spurningar tengdar verkefninu Audlindin okkar. Sendu póst á audlindinokkar@mar.is. Starfsmaður kemur erindinu á framfæri við viðeigandi hóp þar sem það verður tekið til umfjöllunar.



Taktu þátt í umræðunni

Ísafirði, Edinborgarhúsinu | 25. október | 17:00–19:00

Fundarstjóri: Gylfi Ólafsson, formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar



Tímalína – Hvar erum við stödd

Janúar til maí 2023




**Vor
2023**

Verkluti
Skil starfshópa. Niðurstöður
settar í samráðgátt.

Afurð
Lokaniðurstöður
starfshópa kynntar.

Júní til desember 2023



**Haust
2023**

Verkluti
Unnið að frumvörpum
í samvinnu við starfshópa.

Afurð
Lagafrumvörp tilbúin
til kynningar.


Janúar til maí 2024



**Vor
2024**

Verkluti
Frumvörp lögð
fram á Alþingi.

Afurð
Fullbúin frumvörp
til Alþingis.



2. Sjálfbær þróun



„Sjálfbær þróun

er þróun sem fullnægir þörfum samtíðarinnar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að fullnægja þörfum sínum.“

„Þú hefur ekki fengið landið til eignar frá foreldrum þínum, þú hefur fengið það að láni frá börnum þínum.“

Orðatiltæki frá Kenýa

<https://sustainabledevelopment.un.org/content/documents/5987our-common-future.pdf>



Hinar þrjár stoðir sjálfbærrar þróunar eiga sér stoð í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða

Umhverfi

„Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að **verndun...**“

Samfélag

„Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og **tryggja með því trausta atvinnu og byggð** í landinu.“



Efnahagur

„Markmið laga þessara er að stuðla að verndun **og hagkvæmri nýtingu** þeirra.“

Lög um stjórn fiskveiða <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2006116.html>




Lykilþættir hverrar stoðar til framtíðar



Umhverfi

Sjálfbærni
Orkuskipti
Vottanir
Virðing fyrir umhverfi
Besta fáanlega tækni
Loftslag
Vistkerfi
Rannsóknir



Efnahagur

Samkeppnishæfni
Stöðugleiki
Fyrirsjáanleiki
Framtíðarsýn fyrirtækja
Verðmætasköpun
Alþjóðleg þróun
Heimsmarkaður
Takmarka ruðningsáhrif




Samfélag


Samfélagsleg hagkvæmni
Aukin lífsgæði
Fjölmennig
Almannahagsmunir
Þekking
Gegnsæi
Samráð og samstarf
Traust



Mikilvægt að stoðirnar séu í jafnvægi ...




Hin æskilega staða er að hagkvæm og sjálfbær nýting sjávarauðlinda sé í sátt við umhverfi og samfélag. Engin stoð sjálfbærrar þróunar yfirgnæfir aðra.




Ofveiði leiðir til ójafnvægis og ósjálfbærni. Efnahagurinn og samfélagsleg áhrif geta einungis vaxið tímabundið en til lengri tíma eru áhrifin neikvæð á alla þætti, þ.e. efnahag, umhverfi og samfélag.



... en margt getur leitt til ójafnvægis



Niðurgreiðslur til sjávarútvegs í ýmsu formi geta styrkt samfélagsstoðina. Þær geta hins vegar dregið úr hagkvæmni í veiðum og því komið niður á efnahagsstoðinni. Þá getur óhagkvæmni í veiðum haft neikvæð áhrif á umhverfið. Þessi staða var uppi á Íslandi á seinni hluta 20. aldar og er enn uppi í sjávarútvegi víðs vegar um heim.



Langvarandi átök um fiskveiðistjórnun koma niður á samfélagslegri stoð sjálfbærrar þróunar. Umfang og dreifing ágóða af auðlindanýtingunni eru lykilatriði hvað varðar samfélagslega sátt.




Mikilvægt að þekkja söguna

Áður fyrr var ráðist í miklar fjárfestingar í veiðum og vinnslu með stuðningi hins opinbera.



Nýbyggingarráð



Stofnlánadeild sjávarútvegsins




Fjárhagsráð



Til að greina stöðuna í dag er mikilvægt að skoða söguna

Af þessu leiddi efnahagsleg óstjórn



Gengisfellingar og margar gengisskráningar á sama tíma

Framleiðslusjóður (1955)

Útflutningsjóður (1956)

Ríkisframlag til framleiðsluaukningar í gegnum togaradeild Aflatryggingarsjóðs (1964-1970)



Stofnfjár sjóður fiskiskipa (1967)

Atvinnumálanefnd ríkisins

Framkvæmdastofnun ríkisins

„Þórshafnartogarinn“

Stuðningur hins opinbera við útgerðina (dæmi)

Af þessu leiddu offjárfestingar í veiðum og vinnslu.



Ýmsir styrktarsjóðir voru settir á laggirnar til að bregðast við erfiðri stöðu



„Hvers vegna þarf alltaf að beita arðsemisútreikningum þegar röðin kemur að okkur.“



Umhverfið fór ekki varhluta af mikilli sókn í fiskistofna og svörtu skýrslurnar tóku að birtast

Svört skýrsla Hafrannsóknarstofnunar 1975

- Ískyggilegt ástand helstu fiskistofna
- Í kjölfarið voru sett **lög nr. 81/1976** um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands
- Aðallega var beitt veiðarfæratakörkunum (möskvastærð) og aðgerðum til að vernda hrygningarstofn
- Skilaði litlum árangri

Svört skýrsla Hafrannsóknarstofnunar 1983

- Frá þeim tíma var tekið upp aflamarkskerfi með aflaheimildum



Lagaumhverfið tók jafnframt breytingum – frá almannarétti til takmarkana



Allir landsmenn nutu réttar til þess að veiða í hafalmenningum í krafti almannaréttar, ekki eignarréttar. Með auknum fjárfestingum í skipum og veiðarfærum óx hættan á ofveiði.

- Heimildir til að takmarka og banna notkun einstakra veiðarfæra í lok 19. aldar
- Verulegar takmarkanir settar á 20. öld og einstök svæði friðuð fyrir veiðum

Með **lögum nr. 81/1976** um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands urðu til forsendur fyrir því að taka upp stjórn fiskveiða.

- Almennar takmarkanir á þorskveiðum á grundvelli tillagna Hafrannsóknarstofnunar fyrst komið á 1977 með reglugerð nr. 271/1977
- Tekið upp svonefnt „skrapdagakerfi“ sem byggði fyrst og fremst á sóknartakmörkunum

Kerfið var nokkuð óbreytt til ársins 1983.



Svo var tímabundnu kvótakerfi komið á

Skrapdagakerfið frá 1977 náði ekki markmiði um að afstýra ofveiði.

- Fiskiskipaflotinn hafði stækkað verulega með tilheyrandi ofveiði úr stofnum sem ekki sættu sóknartakmörkunum
- Ástand þorskstofnsins áfram slæmt og draga þurfti úr sókn

Nýju fiskveiðistjórnunarkerfi, aflamarkskerfi/kvótakerfi, komið á fót með **lögum nr. 782/1983**. Lögin breyttu eldri lögunum frá **81/1976** til eins árs frá 1984 að telja, þau voru svo framlengd í þrígang uns sett voru **lög nr. 38/1990** um stjórn fiskveiða.

Nýja kerfið fólst í úthlutun aflakvóta til einstakra skipa á grundvelli aflareynslu.

- Framan af var þó jafnan um að ræða val milli aflamarks og sóknarmarks, misrúmt eftir tímabilum, til að mæta þeim sem höfðu slaka veiðireynslu á viðmiðunarárum
- Reynslan af sóknarmarkskerfi var slæm og því var það kerfi á endanum afnumið



... en að lokum var kvótakerfið fest í sessi



Með **lögum nr. 38/1990** var kvótakerfið fest í sessi:

- Tilgangur laganna skýrður svo í frumvarpi að marka skyldi meginreglur varðandi framtíðarskipan stjórnar fiskveiða og skapa grundvöll fyrir hagkvæmri og skynsamlegri nýtingu fiskistofnanna þannig að hámarksafrakstri af fiskveiðiauðlindinni yrði náð fyrir þjóðfélagið í heild

Samkvæmt lögum nr. 38/1990:

- Ákvað ráðherra heildarafla í takmörkuðum tegundum að fengnum tillögum Hafrannsóknarstofnunar
- Veiðileyfi áskilið til veiða í atvinnuskyni
- Aflahlutdeild (hlutdeild skips af leyfðum heildarafla) óbreytt milli ára
 - Ákveðin miðað við úthlutun árið 1990 eða aflareynslu 1987-1989
 - Heimilt að framselja aflahlutdeild og færa aflamark milli skipa



Lagaumhverfið í dag — í grófum dráttum

Ýmsar breytingar voru gerðar á **lögum nr. 38/1990** um stjórn fiskveiða og þau síðan endurútgefin sem **lög nr. 116/2006** um stjórn fiskveiða, sem enn gilda, þótt gerðar hafi verið ítrekaðar breytingar á þeim eftir gildistöku þeirra.

Núgildandi fiskveiðistjórnarkerfi er í dag tvíþætt:

1. **Aflamarkskerfi og krókaafلامarkskerfi**

Til að stunda veiðar í atvinnuskyni þarf almennt veiðileyfi og að eiga eða hafa afnot af skipi með haffærisskírteini sem skráð er hjá Samgöngustofu. Aflahlutdeild þarf til varanlegrar veiðiheimildar sem skapar rétt til aflamarks á hverju fiskveiðiári.

2. **Félagslegt kerfi**

Samanstendur nú af byggðakvótum, línuvildun, skel- og rækjubótum og strandveiðum. Félagslegi hluti kerfisins hefur verið í sífelldri mótun.



Hver er efnahagsleg staða nú?

Almennt séð er íslenskur sjávarútvegur í fremstu röð hvað varðar að tryggja viðgang helstu nytjastofna.

Efnahagslegur ábati er af veiðum og vinnslu þannig að íslenskur sjávarútvegur hefur jákvætt skattspor og er það sérstaða meðal ríkja OECD.

Sjávarútvegur starfar á alþjóðamarkaði í alþjóðlegri samkeppni.

Mikil nýsköpun og þróun er í sjávarútvegi og tengdum greinum.


Fiskveiðistjórnunarkerfið hefur náð að tryggja viðgang helstu nytjastofna og skapa arð af nýtingu auðlindanna.



Áhrif stærðarhagkvæmni og tækniþróunar á samfélög

- Stærðarhagkvæmni og miklar tækniframfarir hvetja til samþjöppunar
- Samþjöppun í veiðum og vinnslu leiðir til þess að veiðar og vinnsla færast milli landsvæða/byggðarlaga
- Þessi þróun hefur einnig áhrif á fjölda starfa og staðsetningu þeirra


Fjöldi starfandi í sjávarútvegi



Heimild: Hagstofa Íslands



Hver er samfélagsleg staða nú — sátt og ósætti?




Samhljómur er um:

- að fiskveiðiauðlindirnar séu sameign þjóðarinnar
- að stundaðar skuli umhverfisvænar veiðar og viðgangur auðlindanna tryggður
- að tryggja efnahagslegan afrakstur af nýtingu auðlindanna

Ósamhljómur um:

- hvort hámarka beri efnahagslegan arð af nýtingu auðlindanna
- hve miklu skuli farnað af efnahagslegum ávinningi til að ná öðrum markmiðum
- hvernig skuli dreifa efnahagslegum arði af nýtingu auðlindarinnar
- aðgengi að greininni



Tvö andstæð sjónarmið

- Auðlindirnar eru í sameign þjóðarinnar og mikilvægt að hámarka arðsemi þjóðarinnar af þeirri eign, t.d. með innheimtu sérstakra gjalda
 - **Efnahagsleg rök**
- Mikilvægt að dreifa arðinum af auðlindinni, t.d. til að tryggja atvinnu og byggð um landið, jafnvel þótt það dragi úr heildararðsemi
 - **Samfélagsleg rök**



Umræðan í samfélaginu endurspeglar vantraust í samfélaginu og þörf fyrir sátt

Sjávarútvegurinn er sveigjanlegur

Skiptir menntun máli í sjávarútvegi?

Afkoma í sjávarútvegi ekki betri en í öðrum greinum

Sjávarútvegur til tekna ekki til trafala

Verndum störf í sjávarútvegi

Útgerðarmenn ósáttir – Þingmenn sagðir til vandræða

Segir illdeilur skaða sjávarútveginn

Sköpum sátt um sjávarútveg

Af hverju er ekki sátt um sjávarútveginn?

Nú, ríkir ekki sátt um sjávarútveg, Guðni?

SAMBJÖPPUN Í SJÁVARÚTVEGI?

Samkeppnismat nái líka til landbúnaðar og sjávarútvegs

Sátt um aflaheimilidir í þágu sjávarbyggða

LÖNGU TÍMABÆRT AÐ NÁ SÁTT UM STJÓRN FISKVEIÐA

Spá góðu ári fyrir íslenskan sjávarútveg

„Í sjávarútvegi ríkir djúpstæð tilfinning meðal almennings um óréttlæti“

Vilja vera fyrirmynd þegar kemur að orkuskiptum í sjávarútvegi

Nauðsynlegt að ná sátt um útveginn

Sífelld fleiri tækifæri í sjávarútvegi

Sátt við hverja?

Krefjast þess að óvissu um sjávarútveginn verði eytt

Auðlindarenta í sjávarútvegi nam 51 milljarði árið 2020

Er ekki allt gott að fréttu af íslenskum sjávarútvegi?

Fjórðungur hefur mjög miklar áhyggjur af samþjöppun í sjávarútvegi

Engir lottóvinningar í íslenskum sjávarútvegi

Tækifæri til að skapa sátt



Hvað verður um samfélög þar sem verulega er dregið úr aðgengi að auðlind?

Fjölmörg dæmi um byggðir þar sem auðlindin hverfur:

- Kolanámur í Bretlandi, til dæmis Wales
- Ryðbeltið í Bandaríkjunum
- Hrun Atlantshafsporskveiða í Kanada

Almennt hefur ekki reynst auðvelt að fást við neikvæð félagsleg og efnahagsleg áhrif slíkra breytinga.

Þeim hefur yfirleitt fylgt fólksflótti, aukið atvinnuleysi, verra heilsufar og annað er leiðir til verri hlutfallslegra lífskjara m.v. aðra íbúa viðkomandi lands.

Umræða hefur verið um „réttlát umskipti“ í tengslum við breytingar á atvinnuháttum.



Stjórnkerfi fiskveiða og byggðapróun



Tækniframfarir í sjávarútvegi hafa og munu leiða til fækkunar ósérhæfðra starfa en fjölgunar sérhæfðra starfa.


Aðgangur að hæfu vinnuafli, flutningakerfi, orku og öðrum innviðum gegnir lykilhlutverki hvað varðar staðsetningu starfsemi í sjávarútvegi.

Byggðapróun ræðst af fjölmörgum þáttum öðrum en þeim er tengjast sjávarútvegi.

Er fiskveiðistjórnunarkerfi heppilegt tæki til að ná markmiðum um t.d. byggðapróun?



Skref hafa verið stigin í átt til aukinnar sáttar



Leggja þarf mat á hverju þessi skref hafa skilað til aukinnar sáttar




Þrjú skref í átt að sjálfbærum sjávarútvegi

Hvernig hönnum við stjórnkerfi sjávarútvegsins til að uppfylla sem best kröfur um sjálfbærni umhverfis, efnahags og samfélags?



Skref 1: Umhverfið í öndvegi

Hvaða kröfur gerum við um umgengni við umhverfið?



Skref 2: Hámörkun verðmæta

Hvernig hámörkum við verðmætin innan þeirra marka, sem umhverfið setur?



Skref 3: Sanngjörn dreifing

Hvernig tryggjum við að þau verðmæti skili sér á sanngjarnan hátt?



Skref 1: Umhverfið í öndvegi

Fyrsta skrefið er umhverfið. Ef við förum ekki vel með það þá verður engum verðmætum til að dreifa.

Þekking á lífríki hafsins og öflug vöktun nytjastofna er grundvöllurinn að því að við komumst í næstu skref. Að öðrum kosti þræðum við hverja skammtímalausnina eftir aðra og komumst ekkert áfram.

Lausnin felst í sjálfbærri nýtingu veiðistofna, áherslu á hringrásarhagkerfið, gæði afurða, líffræðilega fjölbreytni og kolefnishlutleysi.





Skref 1: Umhverfið í öndvegi

- Ábyrg umgengni við náttúru og sjálfbær nýting auðlinda.
 - Vistkerfisnálgun og varúð.
- Vísbendingar um að við hugsum of lítið um hvað best væri fyrir umhverfið og umhverfið verði afgangsstærð.

Við þurfum að leggja áherslu á:



Ákvörðun um nýtingu eða verndun hafsvæða



Rannsóknir á umhverfis-spjöllum veiðarfæra



Hvata til orkuskipta



Aðferðafræði við fiskveiðiráðgjöf



Gögn og rannsóknir á lífríki



Aukna vöktun




Skref 1: Umhverfið í öndvegi

Loftslagsógnin er stærsta áskorunin. Við þurfum að spyrja okkur grundvallarspurninga eins og: „Hvað fáum við mikinn mat úr þessari losun?“ og „Hver er kolefnislosun á framleidda einingu?“. Fiskveiðistjórnunarkerfið á að taka á þessum álitaefnum.

Í ljósi þeirra gríðarlegu áskorana sem við stöndum frammi fyrir í loftslagsmálum er mikilvægt að við áttum okkur á því að náttúruverndarlög gilda líka í hafinu. Hafsvæði ætti ekki að nýta án rannsókna.

Olíusala til innlendra fiskiskipa
Stefna Íslands er a.m.k. 50% samdráttur frá 2005 til 2030



Þróun olíusölu í tonnum til innlendra fiskiskipa
Heimild: Orkustofnun

Í markmiði árið 2030 er gert ráð fyrir 50% minni olíusölu til innlendra fiskiskipa en árið 2005



Skref 2: Hámörkun verðmæta

Gefum okkur að okkur hafi tekist að uppfylla þá langtímahugsun sem krafist er í skrefi 1. Næsta skref er að hámarka verðmæti innan þeirra marka sem umhverfið setur. Gerum ráð fyrir, til einföldunar, að við getum hannað slíkt kerfi án tillits til núverandi kerfis og sögu þess.

Það er mat starfshópanna að heildstætt og einfaldað aflamarkskerfi og öflugt sölu- og markaðsstarf gefi tækifæri til að auka verðmæti enn frekar. Handhafar veiðiheimilda beina sínum aflaheimildum í farveg mestu verðmæta að teknu tilliti til umhverfispátta. Reglur innan aflamarkskerfisins hafa takmarkað

sveigjanleika til nýsköpunar, hagræðingar og aukinna verðmæta. Einföldun kerfisins gæti styrkt það verulega.

Félagslegi hluti fiskveiðistjórnunarkerfisins er hins vegar ekki nægilega skilvirkur og ávinningurinn á stundum óljós samkvæmt bráðabirgðamati starfshópanna. Félagslegi hlutinn hefur tilhneigingu til að takmarka verðmætasköpun, leiða ekki til nýliðunar eða fyrirsjáanleika og hefur ekki skapað sátt. Félagslegum markmiðum yrði mögulega betur sinnt með fjárhagslegum aðgerðum, þar sem byggðir hefðu frelsi um uppbyggingu, m.a. í öðrum greinum en sjávarútvegi.



Skref 2: Hámörkun verðmæta

Hámörkun verðmæta næst með einu aflamarkskerfi.
Samanburður á einu aflamarkskerfi og núverandi kerfi:

	Núverandi kerfi	Eitt aflamarkskerfi
Ráðstöfun	Handstýrt með mjög flóknum lagabálkum	Aflaheimildir leita þangað sem verðmætasköpun er mest
Skipting aflamarkskerfis	Aflamarkskerfi og krókaaflamarkskerfi	Löggjafinn stýrir ekki veiðarfærum
Samfélagslegur stuðningur (nánar á næstu glæru)	Í tímabundnum og óskilvirkum úthlutunum potta	Með stuðningi við uppbyggingu á sjálfbærum atvinnurekstri og samfélagslegum innviðum til framtíðar
Gjaldtaka	Ákveðin af löggjafanum með mjög flóknum og ógagnsæjum útreikningum	Mikilvægt að finna betri leiðir til að ákvarða og reikna veiðgjald
Sveigjanleiki	Takmarkanir og stýringar, s.s. heildarkvótapak o.fl. með þorskígildisstuðlum	Eingöngu kvótapak á einstakar tegundir – afnám þorskígildisstuðla



Nánar um félagslega kerfið

	Núverandi kerfi	Eitt aflamarkskerfi
Samfélagslegur stuðningur	Í tímabundnum og óskilvirkum úthlutunum innan 5,3% kerfisins	Með fjárhagslegum stuðningi við uppbyggingu á sjálfbærum atvinnurekstri og samfélagslegum innviðum til framtíðar – ekki bundið við uppbyggingu sjávarútvegs
	Almennir og sértækir byggðakvótar eru tímabundnar ráðstafanir en byggja ekki upp sjálfbæra atvinnustarfsemi	
	Línuvinnun vinnur gegn tækniþróun og nýsköpun	
	Rækju- og skelbætur eru barn síns tíma og ætti að gera upp	
Nýsköpun og kynslóðaskipti	Enginn hluti 5,3% kerfisins styður þetta að ráði	Markviss stuðningur við menntun og hvatar til skráningar á markað



Skref 2: Hámörkun verðmæta

Hvernig mætti skipta yfir í eitt aflamarkskerfi

- Vanda þarf útfærslu
- Gæti byggt á útboði eða veiðireynslu í núverandi kerfi
 - Sérstaklega þyrfti að huga að þeim sem nú nýta pottana og hvernig yfirfærslu þeirra yrði háttað
- Með slíkum breytingum sköpuðust verðmæti sem nýta mætti að hluta með fjárhagslegum stuðningi við uppbyggingu á sjálfbærum atvinnurekstri til framtíðar í dreifðum byggðum en slík uppbygging væri ekki bundin við sjávarútveg.
- Notaðu þyrfti tækifærið og einfalda lagabálka kerfisins verulega

Núverandi takmörkun á sveigjanleika takmarkar möguleika til hagræðingar og verðmætaaukningar






Skref 3: Sanngjörn dreifing

Grundvallaratriði í fiskveiðistjórnun

- Auðlindarenta er mismunur tekna og fórnarkostnaðar
- Frjálsar veiðar leiða til þess að auðlindarentan verður engin (þ.e. sóun) og því er nauðsynlegt að hafa hemil á sókninni
- Hagkvæmasta sókn er ekki þar sem aflinn er mestur í tonnum (í jafnstöðu)
- Hagkvæmasta sókn er alla jafna minni en nemur mestum afla í tonnum
- Auðlindarentan við hagkvæmustu sókn (A) er alla jafna meiri en við þá sókn sem gefur mestan afla (B) og við frjálsa sókn er auðlindarenta samfélagsins engin
- Engin togstreita milli efnahagslegra og umhverfislegra þátta í fiskveiðistjórnun. Hámörkun efnahagslegs ábata tryggir alla jafna sjálfbærar fiskveiðar



Hvað sagði Auðlindanefnd um auðlindarentu?

Í hagkerfi þar sem verð á öllum aðföngum er rétt og endurspeglar raunverulegan kostnað samfélagsins og öll fyrirtæki eru eins munu þær **atvinnugreinar sem nýta takmarkaðar auðlindir**, hvort sem þær eru endurnýjanlegar eða ekki, geta skilað arði umfram það sem gerist hjá fyrirtækjum sem ekki byggja framleiðslu sína á náttúruauðlindum. *Þessi arður hefur verið kallaður auðlindarenta.*

Í hagfræði má skilgreina auðlindarentu sem **mismun á verði afurða og jaðarkostnaði margfaldaðan með því magni sem notað er af viðkomandi auðlind**. Þeim mun takmarkaðri sem þessi auðlind er, að öllu öðru óbreyttu, þeim mun hærra er verðið á viðkomandi gæðum og þar með auðlindarentan. Í reynd getur hins vegar verið **torvelt að greina auðlindarentu frá öðrum hagnaði**, m.a. vegna mismunandi hæfni fyrirtækja til að nýta aðföng sín og ólíkrar markaðsstöðu þeirra.

Auðlindanefnd, 2000



Margar leiðir ræddar á liðnum áratugum en starfshóparnir taka ekki afstöðu til þeirra í bráðabirgðatillögum

1

Veiðigjald

Sú leið sem stuðst er við í núverandi kerfi er að setja veiðigjald í kr. á hvert kg af veiddum afla í hverjum stofni, reiknað sem þriðjungur af framlegð útgerðarfyrirtækja í veiðum á viðkomandi stofni.

2


Samningaleið

Felur í sér gagnkvæma samninga milli einstakra útgerðaraðila og ríkisins um afnotarétt að auðlindinni, þar sem samningsaðilar taka á sig skyldur um að umgangast auðlindina með ábyrgum hætti.

3

Fyrningarleið

Allar aflahlutdeildir fyrnast um fastan hundraðshluta á ári og þeim hluta er ráðstafað með skilgreindum hætti.



3. Bráðabirgðatillögur starfshópa



Bráðabirgðatillögur starfshópa

Um er að ræða 60 bráðabirgðatillögur starfshópanna Samfélag, Aðgengi, Umgengni og Tækifæri. Ekki er um lokamat starfshópanna að ræða enda bráðabirgðatillögur sem margar munu taka breytingum áður en lokatillögur liggja fyrir til staðfestingar.

Tillögurnar 60 eru settar fram að undangenginni gagnaöflum og samtölum við hagaðila.

Bráðabirgðatillögur eru settar fram til að fá fram frekari sjónarmið sem nýtast munu við mótun lokatillagna um sjávarútvegsstefnu.

Tillögurnar eru settar fram með fyrirvara um nánari útfærslu og mat á áhrifum, samræmi við aðra stefnumótun stjórnvalda og lagatæknilega útfærslu.

Tillögurnar hafa verið merktar með eftirfarandi hætti:



Um er að ræða tillögur sem starfshóparnir telja að unnt sé að útfæra.



Um er að ræða tillögur sem eru í skoðun og þarfnast mikillar umræðu áður en unnt er að útfæra þær frekar.



Skref 1



Umhverfið í öndvegi

- A. Rannsóknir og nýsköpun
- B. Verndarsvæði, veiðisvæði og veiðarfæri
- C. Umgengni um sjávarauðlindina
- D. Orkuskipti í sjávarútvegi



Kafli A


Rannsóknir og nýsköpun



Rannsóknir

Hafsvæðið innan efnahagslögsögu Íslands er um 800 þúsund ferkílómetrar en Ísland sjálft er rétt rúmir 100 þúsund ferkílómetrar. Hafsvæði Íslands og vistkerfi þess er lítið rannsakað en rannsóknir eru undirstaða verðmætaaukningar og sjálfbærrar nýtingar. Viðmælendur nefndu allir að lítið fjármagn færi í rannsóknir og þekking á vistkerfum og vistgerðum hafsins er hættulega lítil sem veldur áhættu í rekstri og uppbyggingu fiskveiðistjórnunarkerfisins.

Skortur hefur verið á þekkingu er tengist hafrannsóknum og lítil ásókn í menntun tengda hafinu. Mögulega er það vegna skorts á framboði á námi sem varða málefni hafsins.



Árið 2000 réðst Hafrannsóknastofnun í viðamikla [kortlagningu hafsbotnsins](#) með tilkomu hafrannsóknaskipsins Árna Friðrikssonar HF 200. Skipið er búið fjölgeisladyptarmæli sem sérstaklega er ætlað til þess verkefnis. Á myndinni má sjá þau svæði sem hafa verið kortlögð með fjölgeislamælingum á vegum Hafrannsóknastofnunar á árunum 2000-2021. Heimild: Hafrannsóknastofnun



Tillaga 1

Efla hafrannsóknir og forgangsráða auknu fjármagni til hafrannsóknna sem er ekki bein ráðgjöf um nýtingu nytjastofna


- Greina til hlítar og vakta lífríki sjávar og möguleika til verðmætasköpunar út frá ólíkum lífverum, með sjálfbærni að leiðarljósi.
- Rannsóknir á vistkerfi hafsins verði fordæmi fyrir opnum vísindum sem stuðlar að samstarfi og betri nýtingu gagna.
- Fleiri nýtingategundir og fjölbreyttari nýting í hafi gæti leitt til aukinnar sáttar, þ.m.t. nýliðunar og nýsköpunar og aukið rannsóknarfé til hafrannsóknna getur aukið verðmætasköpun.
- Vinna þarf þarfagreiningu í samráði við Hafrannsóknastofnun, aðrar rannsóknarstofnanir og atvinnugreinina til að forgangsráða fjármagni til hafrannsóknna.





Rannsóknir á lífríki hafsins og vísindaleg ráðgjöf

- Íslenskur sjávarútvegur byggir á sjálfbærum botn- og flatfiskveiðum úr stofnum sem Íslendingar ráða að mestu einir yfir og veiðum úr uppsjávarstofnum sem þeir nýta með nágrannabjóðum sínum.
- Öflugar hafrannsóknir tryggja að vandlega er fylgst með stöðu lífríkisins í hafinu og varkárar reglur hvetja til góðrar umgengni um auðlindina.
- Hlutverk Hafrannsóknastofnunar er að efla vísindalega þekkingu á umhverfi og lífandi auðlindum í hafi og stuðla að sjálfbærri og arðbærri nýtingu auðlinda.
- Árið 2020 fór 56,2% af rekstrarkostnaði Hafrannsóknastofnunar til rannsókna, vöktunar og ráðgjafar fyrir nytjastofna.



Yfirlit yfir helstu kostnaðarliði Hafrannsóknastofnunar ársins 2020 samkvæmt verkbókhalda.

Heimild: Jóhann Sigurjónsson, Greinargerð um stöðu haf- og fiskirannsóka og leiðir til að efla þær, 2022



Tillaga 2

Skilja á milli ráðgjafar og rannsókna Hafrannsóknastofnunnar

- Skoða ávinning þess að skilja á milli veiðistjórnar og rannsókna.
- Skoða möguleikann á tilfærslu hafrannsóknar frá Hafrannsóknarstofnun til háskólanna.
- Tryggja að ákveðið lágmark fjárframlaga Hafrannsóknarstofnunnar fari í hafrannsóknir sem tengjast ekki veiðistjórn.
- Vísindaleg ráðgjöf er ekki metin út frá vistkerfisnálgun heldur einstökum tegundum.
- Fyrirkomulag með vísindalegri ráðgjöf hefur að miklu leyti verið óbreytt um árabíl og skortur er á fjármagni til rannsókna á nýjum tegundum og rannsóknaskip liggja í landi vegna fjárskorts.





Tillaga 3

Hvetja til aukinnar samvinnu rannsóknaraðila, háskóla og fyrirtækja í sjávarútvegi (nýtingaraðila)

- Aðilar sem hafi heimild til auðlindanýtingar taki virkan þátt í öflun gagna vegna hafrannsókna.
- Samhæfa rannsóknarstofnanir, s.s. Hafrannsóknastofnun, Veðurstofuna, Náttúrufræðistofnun, Háskóla Íslands og auka samstarf. Nýta samstarfssjóði.
- Meiri samvinna og skilvirkni milli rannsóknaraðila, háskóla, fyrirtækja í sjávarútvegi (nýtingaraðila) og annarra aðila sem stunda haftengda starfsemi, hvort sem er á sviði rannsókna eða auðlindanýtingar. Deiling þekkingar og fleiri aðilar nýttir til að sinna rannsóknum á hafinu.
- Aukið samstarf við erlenda aðila í rannsóknum, í tengslum við vistkerfi, s.s. Danmörk, Færeyjar, Noregur og Grænland.
- Efla hafrannsóknir og samstarf annarra aðila en Hafrannsóknarstofnunar, bæði í grunnrannsóknum og hagnýtum rannsóknum.
- Ákveða hvaða gögn aðilum sem eru í auðlindanýtingu verði skylt að afhenda vegna hafrannsókna. Auka aðgengi að opinberum gögnum og rannsóknum með rafrænum gagnagrunni sem hægt er að leita í, m.a. fyrir nýsköpunarfyrirtæki.





Nýsköpun

Í skýrslu um stöðu og horfur í íslenskum sjávarútvegi og fiskeldi, frá árinu 2022, er farið ítarlega yfir nýsköpun og tækniþróun tengda sjávarútvegi og þá byltingu sem hefur orðið í þeim efnum á síðustu áratugum. Staðreyndin er sú að sjávarútvegur hefur verið uppspretta helstu tækniframfara og nýsköpunar í hagkerfinu og verið öðrum þjóðum fyrirmynd í þeim efnum.

Vöxtur í aflamagni á villtum fiski er takmarkaður. Nýsköpun og framþróun eru þar af leiðandi ein af undirstöðum verðmætaaukningar. Mikilvægt er því að tryggja nýsköpunarfyrirtækjum styðjandi umhverfi, aðgang að nægu og góðu hráefni og að bæta stöðugt nýtingu við fiskvinnslu, hvort sem er til manneldis eða annarra nytja.

Um nánari upplýsingar er vísað til [áður nefndrar skýrslu](#).





Tillaga 4

Bæta upplýsingagjöf og almenna þekkingu um skattahagræði nýsköpunarfyrirtækja

- Í viðtölum kom fram að nýsköpunarfyrirtæki væru ekki fyllilega meðvituð um þær ívilnanir sem þegar eru til staðar.

„Nýsköpunarverkefni, sem hlotið hafa staðfestingu frá Rannís eiga rétt á sérstökum skattfrádrætti vegna nýsköpunar. Með opinberum stuðningi er átt við skattfrádrátt og styrki frá opinberum aðilum, samanlagt. Njóti verkefnið opinberra styrkja hafa þeir áhrif á fjárhæð skattfrádráttar. Hér er að finna þær reglur sem gilda um opinberan stuðning við nýsköpunarverkefni.“

Skattfrádráttur vegna nýsköpunar - [lög um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki nr. 152/2009](#)

Birting upplýsinga - [9. gr. reglugerðar um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki 758/2011](#)






Hugverkaréttur

Undir hugverk falla einkaleyfi, vörumerki, hönnun og efni sem er varið með höfundarétti.

Í áðurnefndri [skýrslu um stöðu og horfur í íslenskum sjávarútvegi og fiskeldi](#), kemur fram að mikill vöxtur hefur orðið síðasta áratuginn í meðvitund sjávarútvegsins um verndun hugverka. Meira en helmingur gilda einkaleyfa á Íslandi í dag, í eigu íslenskra aðila, eru tengd sjávarútvegi. Langflestar umsóknir snúa að tækja- og tæknilausnum en líftækni og lífefni eru næststærsti flokkurinn. Jafnframt hefur verið fjölgun á umsóknum íslenskra aðila um einkaleyfi erlendis. Umsóknum um vörumerkjavernd fór einnig fjölgandi til ársins 2018.

Tækifæri til úrbóta er í tengslum við vöru-, gæða- og upprunamerki. Mikilvægt er að nálgun stjórnvalda sé sú að hróður Íslands berist sem víðast. *Sjá nánar undir markaðsmál.*



Íslensk einkaleyfi í gildi á Íslandi, tengd sjávarútvegi eftir tæknisviðum



Sjálfbær nýting nýrra nytjastofna til aukinnar verðmætasköpunar

Helstu nytjastofnar og nýting þeirra er iðulega þungamiðja umræðu um Íslenskan sjávarútveg. Þá má ekki gleyma að auðlindir hafsins eru margbreytilegar. Nú erum við mögulega komin að fullnýtingu núverandi nytjastofna og á eftir að rannasaka til hlítar mögulegar nytjar á öðrum tegundum. Dæmi eru um að verið sé að veiða og vinna til að mynda miðsjávartegundir og sjávargróður. Mikil tækifæri eru til aukinnar verðmætasköpunar í veiðum og vinnslu á slíkum tegundum.

Hafrannsóknastofnun áætla að lífmassi einnar tegundar þangs í Breiðafirði sé um 1 milljón tonn. Við nýtingu sjávarþangs þarf að fara varlega og taka m.a. tillit til þess að þang er gjarnan uppeldisstöðvar mikilvægra fiskistofna.

Nágrannaþjóðir okkar hafa lagt talsverðar fjárhæðir í rannsóknir á miðsjávartegundum og mikilvægt er nýtingaráform séu byggð á sterkum vísindalegum gögnum.



Tillaga 5

Nýjar nýtingaleiðir í sjó fari í umhverfismat og vistkerfisnálgun beitt við ákvarðanatöku

- Þekking, rannsóknir og kortlagning á vistgerðum hafsins sé grundvöllur fyrir ákvörðunum um verndun og nýtingu.
- Svæði verði vernduð þar til sýnt hefur verið fram á með rannsóknum að ekki sé gengið á verndarmarkmið svæðisins og ekki verði hafin nýting á nýjum tegundum nema að undangengnum rannsóknum og heildstæðu vistkerfamati, til að meta áhrif á aðra þætti lífríkisins og samþætta áhrif nýtingarinnar.
- Tryggja að nægjanleg þekking sé til staðar til að taka ákvörðun um sjálfbæra auðlindanýtingu.
- Setja umgjörð í kringum rannsóknir og uppgötvanir einkaaðila á hugsanlegum nýjum auðlindum hafsins.
- Samningur um líffræðilega fjölbreytni (CBD), sem Ísland er aðili að, gerir ráð fyrir því að taka og vinnsla lífvirkna efna úr lífverum á hafsvæðum sé bundin leyfum. Ekki hefur verið brugðist við þessu í íslensku lagaumhverfi.





Kaflí B

Verndarsvæði, veiðisvæði og veiðarfæri




Verndarsvæði í hafi

Ekki er til stefna um verndarsvæði í hafi. Þremur aðferðum hefur verið beitt í tengslum við verndun :

- I. Lokunarreglugerðum á grundvelli laga um stjórn fiskveiða, s.s. fyrir kóralrif
- II. Sérlæg, t.d. lög um verndun Breiðafjarðar (telst þó ekki til verndarsvæða í alþjóðasamningum)
- III. Verndun á grundvelli laga um náttúruvernd, s.s. hverastrýtur og landsvæði sem tengja sig út í sjó

Reglugerðalokanir





Verndarsvæði í hafi

Ísland hefur samþykkt alþjóðamarkmið um að vernda 30% af haffletinum fyrir 2030. Í dag er 0,7% af haffleti Íslands verndarsvæði. Verndarsvæði verða 1,8% af haffleti Íslands verði reglugerð um verndarráðstafanir vegna viðkvæmra hafsvæða og botnvistkerfa staðfest.

Þó nokkrar skýrslur hafa verið gerðar sem tengjast verndarsvæðu í hafi, meðal annars:

- Fagleg heildarendurskoðun á regluverki varðandi notkun veiðarfæra, veiðisvæði og verndunarsvæði á Íslandsmiðum (2018)
- Friðuð svæði innan landhelgi Íslands og viðkvæm vistkerfi (2021)
- Vernd viðkvæmra botnvistkerfa (2021)

Markmið fjármálaáætlunar 2023-2027

„Íslensk stjórnvöld hafa tekið þátt í mótnun reglna um nýtingu lifandi auðlinda hafsin á alþjóðavettvangi sem byggjast á varúðarnálgun, vistkerfisnálgun og sjálfbærni en til að uppfylla þessar kröfur þarf að tryggja góðar grunnrannsóknir á vistkerfi hafsin, umhverfisáhrifum og samspili og áhrifum veiða og eldis á vistkerfið og verndun viðkvæmra vistkerfa til framtíðar verður fléttuð málaflokkunum og m.a. er stefnt að verndun viðkvæmra botnvistkerfa í efnahagslögsögu Íslands.“



Tillaga 6

Vinna heildstæða stefnu um verndun hafsvæða sem tekur til fleiri þátta en fiskveiðistjórnunar

- Skýra hlutverk þeirra sem koma að ákvörðunum um verndun og nýtingu í hafi.
- Skýrari og fjölbættari markmið með verndun, ekki aðeins út frá fiskveiðilöggjöfinni.





Tillaga 7

Verndarmarkmið svæða í hafi skilgreind og svæðin stækkuð

- Leggja áherslu á að vernda ákveðnar vistgerðir, byrja á fágætum vistgerðum.
- Stækka verndarsvæði í grunnsævi – Svæði í B-hluta náttúruminjaskrár nái lengra út í sjó, en það eru þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu árum.





Fjarlægð fiskiskipa frá landi við veiðar

Íslensk fiskveiðilög kveða á um mestu mögulega lengd á bátum/skipum við ákveðnar veiðar á ákveðnum svæðum. Þessi aðferð til stjórnunnar er þekkt víða um heim. Að beita stærð báta/skipa sem stjórnþæki á veiðiálag átti vel við hér á landi á síðustu öld, en ekki lengur. Ástæðan er hversu tæknin í veiðibátum og skipum ásamt veiðarfærum og aðferðum hefur fleygt fram. Í dag ákvarðast aðgengi fiskiskipa að veiðisvæðum af lengd skipa, aflvísi og tegund veiðarfæra. Heimildir fiskiskipa til veiða með botnvörpu, flotvörpu og dragnót innan fiskveiðilandhelgi Íslands miðast við stærðir skipa og aflvísa þeirra.

Kerfið í dag er flókið og ekki alltaf ljóst hver markmiðin eru eða voru og ljóst að skip eru smíðuð sérstaklega til að falla að kerfinu og núverandi kerfi hvetur ekki til umhverfisvænni veiða og í raun vinnur það gegn umhverfisvænni veiðum í einhverjum tilfellum.

Fiskiskip...

... **42 metrar og lengri**, með **aflvísi 2.500 eða hærri** ber að stunda veiðar **utan 12 mílna** frá landi

... **lengri en 29 metrar** en **styttri en 42 metrar** með **aflvísa lægri en 2.500** ber að stunda veiðar **utan 4 mílna** frá landi


... Fiskiskip **styttri en 29 metrar**, með **lægri aflvísa en 1.600** ber að stunda veiðar **utan 3 mílna** frá landi

Aflvísir = Skráð afl aðalvélar x Þvermál skrúfu




Veiðarfæri og fjarlægð frá landi


Ætla má að upphaflegt markmið þess að takamarka aðgengi botndreginna veiðarfæra að ákveðnum veiðisvæðum við stærð skipa hafi verið sú að vernda svæðin næst landi fyrir stórum togurum sem draga á eftir sér stærstu og þyngstu veiðarfærin. Þróun flotans hefur hins vegar orðið sú að þriggja- og fjögurra mílna bátarnir gefa stóru togurunum nú lítið eftir varðandi stærð veiðarfæra. Veiðarfæri eins og handfæri, lína, dragnót og plógar geta einnig verið ágeng á veiðitegundir á smáum veiðisvæðum, með möguleg neikvæð áhrif til lengri eða skemmri tíma.



Viðmiðunarlína fiskveiðilandhelgi



Grunnlína



Landhelgi 12 sjómílar




Veiðarfæri og fjarlægð frá landi

Skýrsla starfshóps um faglega heildarendurskoðun á regluverki varðandi notkun veiðarfæra, veiðisvæði og verndunarsvæði á Íslandsmiðum (2018).

Lagðar hafa verið fram tillögur að breytingum á aflvísi með breytingu á lögum um stjórn fiskveiða. Samkvæmt frumvarpi sem lagt hefur verið fram á 153. löggjafarþingi 2022-2023, þingskjal 680-538. mál.

Mörg þróunarverkefni í veiðafærum eru í gangi.

Upplýsingar um umfang veiða með botnvörpu og dragnót má sjá á Hafsjá.





Tillaga 8

Veiðisvæði verði eingöngu miðuð við tegund veiðarfæra, en ekki stærð eða afl skipa

- Þar sem útgerðir hafa fjárfest í skipum miðuð við núverandi „leikreglur“ má gera ráð fyrir að innleiðing þyrfti að fara fram í skrefum yfir lengra tímabil.
- Botndregin veiðarfæri verði bönnuð innan 12 mína frá landi til að vernda líffræðilegan fjölbreytileika.
- Skammtíma innleiðing: loka svæðum innan 4 mílna fyrir togveiðum.
- Langtíma innleiðing: skilgreina og innleiða nýja „togara línu“.
- Botndregin veiðarfæri eins og snurvoð, humarvörpur og plógar myndu falla undir sérákvæði, sem og togveiðarfæri sem ekki koma í snertingu við botn (t.d. ljósvarpa).





Þróun veiðarfæra

Flest veiðarfæri sem notuð eru við Ísland hafa þróast verulega á einn eða annan hátt á undanförunum árum. Þetta snýr oftast að efnum sem notuð eru í veiðarfærum en einnig að samsetningu þeirra. Flest veiðarfæri eru sterkari í dag og endast betur, sum jafnvel með betri kjörhæfni til marktegunda. Mikil þróun á sér stað um þessar mundir og nýsköpun í hönnun og efnisgerðum sem snerta veiðarfæri.



Tillaga 9

Yfirfara lög og reglur til að tryggja að þær dragi ekki úr hvötum til þróunar á veiðafærum

- Yfirfara lög og reglur til að tryggja að þær dragi ekki úr hvötum til þróunar á veiðafærum. Dæmi um að reglur banni notkun á tilteknum veiðafærum sem m.a. með nýrri tækni snerta ekki botn.
- Skoða þarf hvort að innbyggðir séu hamlandi þættir í reglugerðir sem koma í veg fyrir möguleika á ákveðnum tegundum veiðafæra sem geta dregið úr umhverfisáhrifum.
- Greina hvort reglugerðir hamli því að hægt sé að draga úr orkunotkun við veiðar.





Tillaga 10

Setja hvata svo tilkynnt sé um öll töpuð veiðafæri og innleiða staðlaðar merkingar á öll veiðafæri

- Núverandi lög hafa letjandi áhrif á tilkynningar fyrirtækja um töpuð veiðarfæri.
- Dæmi frá Noregi þar sem tilkynnt er um töpuð veiðarfæri með appi og svo fara yfirvöld og safna þeim saman í stórum leiðangri. Kostnaðurinn lendir á ríkinu.
- Reglur um merkingar veiðarfæra (FAO).
- Plast – plastmengun (önnur en frá veiðarfærum) frá fiskiskipum hefur dregist verulega saman á undanförunum árum. Allt plast kemur í land.

„Fiskistofa skal krefja eigendur veiðarfæra, sem dregin eru úr sjó um kostnað sem af því hlýst“

3. mgr. 4. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996.





Kafli C

Umgengni um sjávarauðlindina



Umgengni um sjávarauðlindina

Umgengni við auðlindina sem stuðlar að nýtingu sem er í sátt við umhverfið er grundvöllur fyrir verðmætasköpun til framtíðar.

Tryggja þarf að umgengni við auðlindina sé háttáð á þann hátt að geta til nýtingar sé sjálfbær um ókomna tíð.

Sjálfbær nýting núverandi veiðistofna, áhersla á hringrásarhagkerfið, gæði afurða, líffræðileg fjölbreytni og kolefnishlutleysi eru þættir sem unnið er að innan greinarinnar enda ljóst að verðmæti geta aukist ef staðið er rétt að málum.



Brottkast, eftirlit og gagnasöfnun

- Brottkast á sér stað í íslenskri landhelgi, en umfang þess er óljóst. Hafrannsóknastofnun áætla í sinni ráðgjöf mat á brottkasti.
- Kostnaður við eftirlit er mikill, eftirlitið mannaflsfrekt og yfirgripsmikið sem leiðir til að yfirsýn er takmörkuð.
- Hvatar til að koma með „óæskilegan“ afla að landi eru ófullnægjandi.
- VS aflí er sá aflí sem landað er utan aflamarks þess skips sem veiðir aflann. Þá er það einnig skilyrði að aflinn sé boðinn upp og seldur á fiskmarkaði. Útgerð skipsins fær 20% af andvirði selds afla sem skiptist milli útgerðar og áhafnar. Hvatar eru til staðar fyrir brottkasti þar sem mögulega er kostnaður við kaup á kvóta (ef VS aflí er ekki til staðar), aflinn er mögulega verðlítill og útheimtir vinnu og eins getur verið annar kostnaður (ís, hafnargjöld, uppboðskostnaður og jafnvel förgunarkostnaður) þannig að 20% sem skiptast milli útgerðar og áhafnar er ekki nægur hvati til að koma með aflann í land.



Tillaga 11

Allur veiddur afli komi í land. Setja hvata til að tryggja að óæskilegur afli komi að landi

- Í dag fer 20% af aflaverðmæti til skipta, en 80% til ríkisins.
- Skapa þarf réttu hvatana til að tryggja að allur afli komi að landi (án þess að skapaðir verði hvatar til að veiða umfram aflaheimildir).
- Reglur um VS afla verði rýmkaðar og hærra hlutfall verðmæta renni til sjómanna/útgerða.
- Yfirvöld tryggi að afla sem ráðstafað er í VS skapi ekki útgerð kostnað umfram tekjur.
- Útgerðaraðilum verður gert skylt að sýna fram á, með fullnægandi hætti, að allur afli komi í land.
- Tæknin í dag býður upp á lausnir sem tryggt geta fullkomið eftirlit um borð í veiðiskipum, við löndun og alla leið í gegnum vinnsluna t.d. með skynjum og myndavélaeftirliti.





Tillaga 12

Samræma vigtun afla og gera ferlið skilvirkara

- Framkvæmd við vigtun verði samræmd og gerð skilvirkari.
- Nýtt verði stafræn nútímatækni í stað útprentaðra gagna og tvískráningar.
- Hafnarvigtarfyrirkomulag verði endurskoðað og samræmt.
- Breytingar á lögum og reglum verði útfærðar í samstarfi við fiskmarkaði, aðila sem stunda löndun og hafnir.






Gæði

Það er arfleifð gömlu sölusamtakanna, sem unnu mikið samræmingarstarf, að gæðamál eru almennt á mjög góðum stað í íslenskum sjávarútvegi. Mörg fyrirtæki hafa sérstaka gæðastjóra sem fylgja reglum um eftirlit og skrá niðurstöður ýmist rafrænt eða á pappír.

Gæðaeftirlit er almennt mjög gott, sérstaklega á afurðum unnum í landi. Engin opinber krafa er um gæði eða gæðaeftirlit á óunnum fiski sem fer beint til útflutnings. Afstaða geirans er sú að gæðin minnki við meðhöndlun, sé ætlunin að flytja aflann óunninn út. Lök gæði slíks fisks hafa neikvæð áhrif á ímynd íslenskra sjávarafurða.

Fram kom í samtölum að erfitt hefði reynst að tryggja samræmi í gæðum afurða strandveiðibáta. Helstu ástæður fyrir lökum gæðum væru skortur á þekkingu á meðhöndlun aflans, t.d. í tengslum við blóðgun og ísingu. „*Veiðist á vondum tíma, vont hráefni, oft mikill ormur, og svona má lengi telja.*“





Tillaga 13

Setja frekari skilyrði um gæði í meðhöndlun á fiski við strandveiðar

- Fræðsla, menntun, þjálfun og endurmenntun strandveiðimanna um gæðamál verði aukin.
- Tryggð verði samræmd gæði í meðhöndlun fisks við strandveiðar, t.a.m. blóðgun og kæling, t.d. með rekjanlegri mælingu á hitastigi aflans á sjó.
- Skerðing á veiðiheimildum strandveiðibáta sem eru með lök gæði.





Hringrásarhagkerfið

Nýting og endurnýting hámarkar virði auðlinda hafsins, skapar hagræði í rekstri og minnkar kolefnisspor.

Samkvæmt samtölum við hagaðila eru allt að 80% A-afurða (hnakkar og miðstykki) taldar fullunnar og seldar þannig. Þrátt fyrir að hlutfallið sé hátt er sjávarútvegurinn sammála um að auka megi hlutfallið. B-afurðir (s.s. þunnildi, blokk og marningur) eru almennt unnar og nýttar í landi til frekari vinnslu matvæla. Unnt væri að vinna B-afurðir frekar á landi og sér í lagi á sjó. Óunnin fiskur er einnig fluttur úr landi, til vinnslu eða beint til neytenda.

Verulegt magn af frauðplasti er notað við flutning. Frauðplast er mjög vel til þess fallið að viðhalda gæðum afurða. Endurvinnsla á frauðplasti er ekki eins langt komin og endurvinnsla á öðru plasti.

Mikil gróska er hjá flestum sjávarútvegsfyrirtækjum ásamt því að mikill áhugi er meðal stjórnenda að koma á góðu og skilvirku ferli alls úrgangs.

Sjávarútvegsfyrirtæki kalla eftir aukinni fræðslu um möguleikana í hringrásarhagkerfinu.





Tillaga 14

Setja hvata til nýtingar og endurnýtingar

- Litið sé til hringrásarhagkerfisins við allar ákvarðanir tengdar fiskveiðistjórnunarkerfinu.
- Fræðsla til fyrirtækja í sjávarútvegi um möguleikana í hringrásarhagkerfinu.
- Krafa verði gerð um rekjanleika og endurvinnslu umbúða.
- Jákvæðir hvatar í gegnum opinberan gæða- og upplýsingavettvang. Sjá undir markaðsmál.





Kafli D

Orkuskipti í sjávarútvegi



Orkuskipti og grænn sjávarútvegur

Mikil áhersla hefur verið á orkuskipti og græn skref í greininni (sjá hér fyrir neðan) en mikill munur er í dag á upplýsingaöflun og upplýsingagjöf um kolefnisspor fyrirtækja í greininni. Draumastaðan er að Ísland verði fyrst þjóða með kolefnishutlausan sjávarútvegi.

Mikil gróska er í rannsóknum og nýsköpun í orkuskiptum en ljóst að ekki eru komnar lausnir sem leysa þær áskoranir sem fiskveiðiskip með marga úthaldsdaga standa frammi fyrir en styttra er í lausnir í landi og á smábátum.

Setja þarf fram lausnir sem miða að því að hvetja til grænni rekstrar en sem dæmi má nefna að fyrirkomulag strandveiða í dag hvetur ekki til orkusparnaðar með þröngum tímaramma til veiða.

Skoða þarf hvort að ívilnanir geti hraðað orkuskiptum í greininni.

[Orkuskipti skipa \(2019\)](#) | [Græn skref í sjávarútvegi \(2021\)](#) | [Rafvæðing hafna á Íslandi \(2021\)](#) | [Staða og áskoranir í orkumálum \(2022\)](#)







Orkuskipti í sjávarútvegi hafa gengið hæglega en árangri hefur verið náð í loftslagsmálum með fækkun skipa

Endurnýjun skipaflotans með skipum sem nýta betur orku hefur skilað umtalsverðri minnkun á notkun á olíu í sjávarútvegi.

Olíunotkun í sjávarútvegi í tonnum



Fjöldi fiskiskipa





Tillaga 15

Setja á fót sjóð þar sem orkuskipti í sjávarútvegi eru samfjármögðuð

- Sjávarútvegur á Íslandi verði kolefnishlutlaus.
- Upplýsingagjöf um veiðarfæri, olíunotkun og afla (í rauntíma) verði gerð opinber.
- Íblöndunaráætlun verði gerð.
- Í upphafi verði í sjóðnum lögð sérstök áhersla á orkuskipti smábáta sem er raunhæf nú þegar.





Tillaga 16


Við breytingar á strandveiðikerfi verði hugað að fyrirkomulagi sem hámarkar orkunýtingu

- Setja þarf fram lausnir sem miða að því að hvetja til grænni rekstrar.
- Fyrirkomulag strandveiða í dag hvetur ekki til orkusparnaðar þar sem þröngur tímarammi, 14 klst./dag, er á veiðum.





Skref 2



Hámörkun verðmæta

E. Kerfi fiskveiðistjórnunar

F. Nýting gagna

G. Markaðssetning,
sala og orðspor

H. Menntun



Kafli E

Kerfi fiskveiðistjórnunar




Stjórnun fiskveiða og auðlindagjald

Núgildandi fiskveiðistjórnarkerfi er í dag tvíþætt:

- Aflamarkskerfi (aflamark, krókabátar)
- Félagslegt kerfi
- **Aflmarkskerfið** og krókabátakerfið virkar þannig að almennt þarf veiðileyfi til að stunda veiðar í atvinnuskyni þurfa almennt veiðileyfi. Viðkomandi þarf að eiga eða hafa afnot af skipi með haffærisskírteini sem skráð er hjá Samgöngustofu. Til varanlegrar veiðiheimildar þarf aflahlutdeild sem skapar rétt til aflamarks á hverju fiskveiðiári
- **Félagslega kerfið** er í sífelldri mótnun. Samanstendur nú af byggðakvótum, línuvílnun, skel- og rækjubótum og strandveiðum

Afli og útflutningsverðmæti



Myndin sýnir útflutning í milljónum króna (FOB verð) á vinstri ás og heildaraflamagn í tonnum á hægri ás. Heimild: Hagstofa Íslands



Tillaga 17

Viðhalda aflamarkskerfinu


- Aflamarkskerfinu verði viðhaldið enda hefur það aukið hagkvæmni og hagsæld.
- Stjórnkerfi fiskveiða hefur haft áhrif á alla virðis_keðju sjávarútvegs. Sjávarútvegsfyrirtæki hafa skipulagt sókn skipa þannig að betri afli komi að landi og á réttum tíma. Bætt gagnasöfnun hefur auðveldað fyrirtækjum að stýra veiðum þannig að fiskur er veiddur á þeim árstíma og svæðum þar sem gæði hans eru mest og markaðsaðstæður hagkvæmaster. Samfara minni sókn til að ná sama afla hefur dregið úr álagi veiða á vistkerfinu.






Strandveiðiafla landað um allt land

Strandveiðiafli í tonnum eftir löndunarsvæðum



Heimild: Hagstofa Íslands

Strandveiðiafli í tonnum árið 2021 eftir löndunarsvæðum





Hvert er markmið strandveiða?

Markmið strandveiðikerfisins geta verið af ýmsum toga:

- Kerfi sem á að veita öllum aðgang
- Kerfi sem á að þjóna nýliðum sem vilja leggja fiskveiðar fyrir sig
- Kerfi sem á að stuðla að sjómennsku á heilsársgrundvelli
- Kerfi sem á að vera fyrir frístundaveiði, ellilífeyrisþega o.s.frv.
- Kerfi sem á að auka líf í höfnum um allt land
- Kerfi sem á að örva atvinnustarfsemi í sjávarbyggðum
- Kerfi sem viðheldur/styður við strandmenningu





Tillaga 18

Skerpa og endurskoða markmið strandveiða

- Meta árangur ólíkra markmiða sem hægt er að stefna að með strandveiðikerfi.
- Skilgreina skýr markmið.

Þegar markmið kerfisins liggja fyrir

- Rannsaka og mæla árangur ólíkra markmiða sem strandveiðikerfi getur þjónað
- Velja meginmarkmið og fínstilla standveiðikerfið til að ná því

Þá er hægt að leggja mat á árangur kerfisins og bregðast við í takt við þær...

- ...rýmka/herða skilyrði
- ...auka/minnka heimildir






Almennur byggðakvóti

Ráðherra er heimilt að ráðstafa aflamagni í óslægðum botnfiski til að mæta áföllum sem fyrirsjáanleg eru vegna verulegra breytinga á aflamarki einstaka tegunda og til stuðnings byggðarlögum, í samráði við Byggðastofnun.

Áskorunin:

- Almenn óánægja varðandi útteilingu almennra byggðakvóta
- Ógagnsætt ferli við útteilingu almennra byggðakvóta á viðkomandi svæðum
- Ómarkviss úthlutun og of "þunnt smurt" — óljóst hvort markmið hafi náðst
- Meiri ánægja með sértæka byggðakvóta, útteilingu þeirra og aðkomu Byggðastofnunar
- Lítill fyrirsjáanleiki viðtakenda?

Á fiskveiðiarinu 2021/2022 er almennum byggðakvóta **úthlutað til 50 byggðarlaga í 29 sveitarfélögum**. Þrjú byggðarlög fá 300 þorskígildistonna hámarksúthlutun á fiskveiðiarinu 2021/2022 og sextán byggðarlög fá 15 þorskígildistonna lágmarksúthlutun.






Tillaga 19

Tilfærsla almenns byggðakvóta



- Afnema almennan byggðakvóta og bæta honum við þá hlutdeild sem fer í sértæka byggðakvóta og/eða strandveiðar.
- Einföldun fiskveiðistjórnunarkerfisins.
- Verið er að rannsaka efnahagslegan ávinning almenns byggðakvóta.


Almennur byggðakvóti færir á sértækan byggðakvóta og strandveiðar





Skel- og rækjubætur

Skel- og rækjubótum var upphaflega komið á til að minnka það áfall sem skel- og rækjuútgerðir urðu fyrir með falli stofnanna og gefa þeim svigrúm til endurskipulagningar. Ákvæðin komu til á ólíkum tíma og við setningu þeirra var skýrt að um tímabundna ráðstöfun væri að ræða. Með hliðsjón af upphaflegum gildistíma ættu ákvæðin að vera fallin úr gildi en engu að síður hafa þessar bætur verið framlengdar árlega.






Línuívilnun

Við línuveiðar dagróðrabáta með línu sem beitt er í landi megi landa 20% umfram aflamark en 15% umfram aflamark við línuveiðar dagróðrabáta með línu sem stokkuð er upp í landi.

Nýting línuívilnunar hefur dregist saman á undanförunum árum.





Tillaga 20

Endurskoða skel- og rækjubætur og línuívilnun

- Afnema þessi réttindi og bæta þeim við þá hlutdeild sem fer í sértæka byggðakvóta og/eða strandveiðar.
- Ástæðan fyrir tillögunni er ógagnsæ útdeiling þessara réttinda og óskýr markmið.
- Með tillögunni verður fiskveiðikerfið einfaldara.





Byggðastofnun hefur til ráðstöfunar aflahlutdeild sem ráðherra ákvarðar samkvæmt heimild í 5. mgr. 8. gr. laganna, til að styðja byggðarlög í alvarlegum og bráðum vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi (sértækur byggðakvóti)

Skilyrði:

- Byggðarlag sé í alvarlegum og bráðum vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi
- Íbúar byggðarlags séu færri en 400. • Íbúum hafi fækkað síðastliðin 10 ár
- Akstursfjarlægð frá byggðarlagi til byggðarkjarna sem telur meira en 1.000 íbúa sé a.m.k. 20 km
- Byggðarkjarninn tilheyri vinnusóknarsvæði sem telur færri en 10.000 íbúa
- Hlutfall starfa við veiðar og vinnslu í sjávarbyggðinni sé a.m.k. 20% allra starfa
- Að aflamark Byggðastofnunar skipti verulegu máli fyrir framtíð byggðarlagsins að mati stjórnar Byggðastofnunar

Samningur Byggðastofnunar, fiskvinnslu og útgerðaraðila byggist á:

- Trúverðugum áformum um útgerð, vinnslu sjávarafurða eða aðra starfsemi
- Fjölda heilsársstarfa fyrir karla og konur sem skapast eða verður viðhaldið
- Sem bestri nýtingu þeirra aflaheimilda sem fyrir eru í byggðarlaginu
- Öflugri starfsemi til lengri tíma sem dregur sem mest úr óvissu um framtíðina
- Jákvæðum áhrifum á atvinnulíf og samfélag
- Traustri rekstrarsögu forsvarsmanna umsækjenda




Sértækur byggðakvóti... til framtíðar?

Skilyrði fyrir vali og samningsskilyrði rýmkuð svo hægt sé að vanda valið betur og hámarka nýtingu takmörkuðu gæðanna. Með markmiðasetningu/samningum væri þá samið um úthlutun sértæks byggðakvóta með það fyrir augum að sjávarútvegur gæti orðið sjálfbær í byggðalaginu í framtíðinni.

Hægt væri að..

- ...lengja samningstímamann
- ...auka aflamark viðkomandi byggðarlags í skrefum
- ...semja þannig að reksturinn gæti orðið sjálfbær í framtíð
- ...og auka þannig líkur á blómstrandi samfélagi

Verður að vera hægt að tryggja það að kerfið valdi því ekki að byggðarlög sem hafa lent í vanda vegna mikils samdráttar í sjávarútvegi sökkvi öll á sama tíma af völdum kerfisins.





Tillaga 21

Ráðstöfun sértækra byggðakvóta til byggða þar sem veiðar og vinnsla eiga framtíð fyrir sér

- Byggðakvóta er „smurt of þunnt“. Nýta ætti sértæka byggðakvóta til að efla byggðir þar sem veiðar og vinnsla eiga framtíð fyrir sér.
- Nýta þessi takmörkuðu gæði einungis til þess að efla sjávarútveg til lengri tíma litið.
- Nýta og efla önnur úrræði til að styrkja brothættar byggðir þar sem veiðar og vinnsla eiga ekki framtíðina fyrir sér.
- Fela Byggðastofnun að meta í hvaða byggðum veiðar og vinnsla eiga framtíðina fyrir sér.






Tillaga 22

Afnema 5,3% kerfið og nýta afraksturinn til uppbyggingar dreifðra byggða



- Hægt væri að ganga lengra en fyrri tillögur gera ráð fyrir og afnema 5,3% kerfið í heild sinni. Með því væri hægt að fara í markvissari og meira afgerandi uppbyggingu byggðarlagsins og að veðja á annað en sjávarútveg til framtíðar.
- Með slíkum breytingum sköpuðust verðmæti sem nýta mætti að hluta með fjárhagslegum stuðningi við uppbyggingu á sjálfbærum atvinnurekstri og samfélagslegum innviðum til framtíðar en slík uppbygging væri ekki bundin við sjávarútveg.



Ráðstöfun aflaheimilda í tonnum fiskveiðiárið 2021/2022



Tillaga 23

Skoða hvort, hvar og hvernig sé heppilegt að koma á kerfi með svæðisbundnum nýtingarrétti

- Staðbundnar tegundir (t.d. ígulker, sæbjúgu, grásleppa, þari, rækja og krabbi) eru bundin við náttúrulega afmörkuð útbreiðslusvæði sem auðvelt er að afmarka og skilgreina.
- Sveitarfélög sækjast eftir auknu forræði yfir fiskveiðiauðlindum.
- Með svokölluðu SNR-kerfi (e. Territorial Use Rights for Fisheries, TURFs) er hægt að framselja ákvörðunarvald til staðbundinna samfélaga.
- Rannsaka þarf hvaða tegundir mætti nýta með slíku kerfi og hvar, jafnframt því að útfæra svæðisbundinn nýtingarrétt fyrir sveitarfélög.
- Samanburður við landnýtingu skv. þjóðlendulögum nr. 58/1998.





Óveiddur afli

Veiði fiskiskip minna en 50% á fiskveiðiári af úthlutuðu aflamarki sínu og aflamarki sem flutt hefur verið frá fyrra fiskveiðiári, í þorskígildum talið, fellur aflahlutdeild þess niður og skal aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemur.

Færst hefur í aukana að ekki séu allar þær heimildir sem gefnar eru út fullnýttar, kvótalausir sitja eftir með sárt ennið en hefðu annars veitt þennan afla.

Hér þarf að skoða hvort óveiddar heimildir séu óeðlilega miklar og hvort ástæða sé til að þrengja möguleika rétthafa til að flytja óveiddan afla milli tímabila.




Tillaga 24

Herða veiðiskyldu

- Ákveðnar tegundir eru ekki veiddar og aflamark ekki nýtt.
- Kvótalausir fá ekki tækifæri á að veiða þann afla.
- Hægt væri að herða veiðiskyldu samkvæmt 15. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 þannig að óveiddur afli nýtist.
- Meta þarf ástæður þess að veiðiheimildir eru geymdar milli tímabila og áhrif þess að hækka veiðiskylduhlutfall.





Kaflí F

Nýting gagna



Nýting gagna

Gífurlegu magni af gögnum er safnað eða veita tækifæri til að safna í hinum ýmsu hlekkjum virðiskeðju sjávarafurða. Þessum gögnum er hins vegar í mjög takmörkuðum mæli deilt á milli hagaðila.

Ljóst er að auka má þekkingu og skilvirkni í greininni með skipulagðari gagnasöfnun sem eru aðgengileg rannsóknaraðilum.





Rekjanleiki aflu

- Rekjanleiki aflu er mikilvægur með tilliti til gæðamála, er nauðsynleg forsenda þess að hægt sé að setja fram staðhæfingar um sjálfbærar veiðar og er forsenda útreiknings á kolefnisspori afurða. Þá er hægt að nýta rekjanleikaupplýsingar, t.d. um staðsetningu og tíma veiða, til greininga og veiðistjórnunar. Að lokum felast markaðssetningartækifæri í rekjanleika, með tengingu neytenda við upprunann.
- Í kerfinu er ákveðin krafa um rekjanleika. Rekjanleiki afurða er mikill í íslenskum sjávarútvegi. Tæknistig er þó misjafnt og spannar frá pappírsskráningu yfir í afar fullkomin rafræn kerfi, allt frá veiðum og út úr vinnslu. Rekjanleiki er almennt af minni gæðum í kvótalausum vinnslum og tengt strandveiðum. Enginn rekjanleiki er á óunnum, útfluttum fiski.

Veiðar



Vinnsla



Markaður



Neytendur





Tillaga 25

Koma á rafrænni skráningu um rekjanleika afla í allri virðiskeðjunni

- Innleiða í skrefum kröfu um samfellda rafræna skráningu afla í allri virðiskeðjunni, frá veiðum til neytanda.
- Sjá einnig tillögu um opinberan upplýsinga- og gæðavettvang, undir markaðsmálum. Þar gætu stjórnvöld hvatt til aukins rafræns rekjanleika.





Stafræn umbreyting

Samtöl við stjórnendur sjávarútvegsfyrirtækja sýna skýrt að tækniþróun hefur skilað miklu í hagræðingu og verðmætasköpun. Nauðsynlegt er að sú þróun haldi áfram.

Stjórnendur fyrirtækja tengdum sjávarútvegi nefna skort á sérfræðingum með þekkingu og hæfni til að nýta stafræna umbreytingu sem best.

Mikil framþróun er í gangi í greiningu gagna til að styðja við ákvarðanatöku og greiningar, en til að nýta slíkt þarf aðgengi að stórum og djúpum gagnasöfnum fyrir geirann. Samtöl við nokkra stjórnendur stærstu sjávarútvegsfyrirtækjanna og rannsóknastofnana gefa til kynna að vel sé hægt að safna öllum þeim gögnum sem til þarf. Drifkrafturinn þarf því að vera í þróun gagnasafnsins. Hvaða gögn eru til og hvaða gögn er hægt að nýta alls staðar í keðjunni?



Tillaga 26

Skilgreina og byggja upp miðlægt gagnasafn til að halda utan um öll þau gögn sem verða til í sjávarútvegi



- Koma á fót samstarfshópi sem getur lagt grunninn að uppbyggingu miðlægs gagnasafns.
 - Stjórnvöld hafa nú þegar stofnað starfshóp sem vinnur að þessu með aðstoð Intellecta.
- Nýta stafrænar lausnir til hins ýtrasta til að gera nauðsynlegt upplýsingaflæði vegna eftirlits og rannsókna að fullu stafrænt í rauntíma og losna þannig við kostnað, tafir og flækjustig.
- Fyrirtæki, stjórnvöld, mennta- og rannsóknarstofnanir hafi aðgang að miðlægum gagnagrunni með öllum gögnum (sem ekki eru viðskiptaleyndarmál) um veiðar, vinnslu, flutning, sölu og tengda þætti svo sem veður, efnahag, gengi, o.s.frv. Enn fremur hafi sömu aðilar tækni og þekkingu til að nýta gagnagrunninn til að stýra ákvörðunum, vinna greiningar og fleira sem skilar auknum verðmætum með minni tilkostnaði og minni neikvæðum áhrifum á umhverfið. *Sjá jafnframt tillögu nr. 11 varðandi menntun í upplýsingatækni.*
- Gagnagrunnurinn sé opinn, með viðeigandi dulkóðun viðkvæmra upplýsinga, til að styðja við nýsköpun. Hægt verði að þróa nýjar lausnir fyrir aðila í sjávarútveginum til að taka betri ákvarðanir og vinna nákvæmari greiningar.




Tillaga 27

Fyrirtækjum í veiðum og vinnslu og stofnunum verði skylt að afhenda gögn í gagnagrunn

- Skilgreint verði hvað af gögnunum verði aðgengileg í opnum/lokuðum hluta gagnagrunnsins.
- Aðilar í sjávarútvegi tilbúnir í samstarf.
- Aðilar sem hafa heimildir til veiða skulu skila inn eftirfarandi gögnum:
 - Olíunotkun, veiðarfæri, aflasamsetning fyrir hverja veiðiferð, umhverfisgögn
 - Veiðarfæri: tegund veiðarfæra, hlera opnun, tog lengd, lengd línu/fjöldi króka
- Mögulegt væri að bæta í gagnasöfnunina með litlum sem engum tilkostnaði, þá hvort sem er til að auka almennan rekjanleika, safna vísindagögnum eða til eftirlits.





Kaflí G

Markaðssetning, sala og orðspor



Markaðssetning, sala og orðspor

Sjávarafurðir námu um 40% af útflutningsverðmætum Íslands árið 2021. Seljanleiki íslenskra sjávarafurða, þ.e. aðgengi að erlendum mörkuðum, stöðug eftirspurn og verð, hefur veruleg áhrif á íslenskan efnahag. Forsenda fyrir seljanleika er stöðugleiki í framboði, góð ímynd íslenskra sjávarafurða og þolinmæði til þess að byggja upp vitneskju um afurðirnar og góða ímynd hjá neytendum.

Hvati er til staðar til að selja inn á þann markað sem skilar hæsta verðinu hverju sinni. Slík nálgun hefur hins vegar neikvæð áhrif til lengri tíma, þar sem hún skaðar stöðugleika í framboði og byggir ekki upp langtíma viðskiptasambönd. Góð ímynd íslenskra sjávarafurða er nauðsynleg forsenda stöðugar eftirspurnar og hárra verða.

Sala og markaðssetning er alla jafna ekki hlutverk stjórnvalda. Þegar lýtur að sjávarafurðum hefur sala þeirra erlendis hins vegar verulegt efnahagslegt gildi og því ekki óeðlilegt að stjórnvöld horfi til þessara þátta.



Sala og markaðssetning

„Húsfreyja veit ei hvað ég heiti.“

- Íslenskar sjávarafurðir eru þekktar á fyrirtækjamarkaði. Þær eru hins vegar lítið þekktar á neytendamarkaði (að Katalóníu undanskilinni) og fer vitund neytenda almennt minnkandi hjá yngri hópum, samkvæmt rannsóknum Íslandsstofu.
- Lítið er um íslenskar merkingar til neytenda. Neytendur hafa þannig takmarkaðar upplýsingar um það hvar þeir geta keypt íslenskar sjávarafurðir. Sú staða hefur einnig þá áhættu í för með sér að auðveldara er fyrir erlenda söluaðila, veitingastaði og verslanir, að skipta íslensku afurðunum út. Vitneskja neytenda um vöru skapar auk þess betri möguleika fyrir seljendur að stýra verði varanna.
- Mikilvægt er að skilja neytendamarkaðinn og þarfir hans í tengslum við vöruþróun.
- Sjá nánar um vitneskju neytenda í [fyrirlestri Daða Guðjónssonar á Sjávarútvegsráðstefnunni árið 2019: “Brand audit – what do consumers really think of seafood from Iceland.](#) Rannsóknin var endurtekin árið 2021 og ekki voru tilfinnanlegar breytingar á niðurstöðunum.



Íslenskur fiskur — bestur í heimi!

Sérstaða íslensks fisks hefur falist í gæðum. Það er arfleifð gömlu sölusamtakanna, sem unnu mikið samræmingarstarf, að gæðamál eru á góðum stað í íslenskum sjávarútvegi og er íslenskur fiskur þekktur á alþjóðavettvangi fyrir gæði. Fyrirtæki fylgja gjarnan reglum um uppruna og gæði hráefnisafurða með MSC- gæðavottunarkerfinu eða frá öðrum lögbundnum vottunarfyrirtækjum, svo sem IFS, sem er íslenska útgáfa MSC. Gæði eru lykilatriði þegar kemur að ímynd. Það er þó ekkert sem hindrar erlenda aðila í því að koma sér upp gæðavottunum, fjárfesta í tækjum frá íslenskum tæknifyrirtækjum og koma sér þannig á sama stað og Íslendingar, hvað gæðin varðar.

Íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið hefur jafnframt sérstöðu. Íslenskur sjávarútvegur er sá eini meðal 38 þjóða OECD sem skilar jákvæðri afkomu til ríkisins. Kerfið stuðlar að sjálfbærum veiðum í heilbrigðu umhverfi. Rekjanleiki afurðanna er mikill, sem byggir undir sjálfbærar veiðar og útreikning á kolefnisspori, sem er lágt vegna okkar grænu orku.





Íslenskur fiskur — bestur í heimi!

Alheimsleitni um hækkandi meðalaldur þjóða á okkar helstu mörkuðum, áhersla á heilnæmi fæðu og á sjálfbærni, þ.m.t. kolefnisfótsspor, eru þættir sem setja íslenskar sjávarafurðir í kjörstöðu.

Íslenskur fiskur getur ekki keppt í magni. Til þess erum við of smá á alþjóðamörkuðum. Íslendingar veiða að jafnaði 1-2% af heimsaflanum. Ekki er æskilegt að keppa í verðum, þar sem það hámarkar ekki virði afurðanna.

Besta leiðin til þess að viðhalda og samræma gæðamál og efla rekjanleika og sjálfbærni er að búa til það kerfi.

Sjávarklasinn gaf út áhugaverða skýrslu í október 2022 um tækifæri í markaðssetningu: [Hvers virði er uppruni íslenskra sjávarafurða?](#)






Heia Norge

Norsk stjórnvöld hafa innheimt ákveðið hlutfall af útflutningsverðmætum í sérstakan markaðssetningarsjóð fyrir norskan lax. Hefur mikil markaðssetning leitt til mikillar vitneskju hjá neytendum um norskan sjávarútveg.

Skiptar skoðanir eru hjá íslenskum söluaðilum um þá aðferð. Gagnrýnisraddir hafa talað um fjárhagslega sóun og að framboð yrði ekki í takt við gefin loforð, kaupendum til ama. Þrátt fyrir mikla markaðssetningu eru verð á skoskum laxi hærri en á þeim norska.

Réttara sé að stunda markmiðsdrifnara markaðsstarf, á þeim mörkuðum þar sem hæstu verðin fást.

Þegar „hágæða sjávarafurðir“ ber á góma, hvaða land kemur upp í huga þér?



Heimild: Seafood Consumer survey in UK, US, France and Spain – Netquest October 2019 © Promote Iceland

Fyrirlestur Daða Guðjónssonar á Sjávarútvegsráðstefnunni árið 2019: “Brand audit – what do consumers really think of seafood from Iceland.”



Hvernig tökum við þetta áfram?

- Sjávarútvegsfyrirtæki hafa ólíka hagsmuni þegar kemur að markaðssetningu; mismunandi afurðir og markaði. Hérlandis hefur þátttaka í samhæfðu markaðsstarfi á erlendum vettvangi verið skipulögð af Íslandsstofu en fjármögnuð af geiranum, fyrir tilstuðlan SFS. Þátttaka hefur verið valkvæð. Verkefnin eru fjármögnuð til árs í senn og nam fjárhæð ársins 2022 samtals 100 m. kr. á móti rúmum 5 milljörðum íslenskra króna í norska markaðssetningasjóðnum. Takmarkaður vilji virðist vera fyrir beinum framlögum úr hendi stjórnvalda til markaðssetningar á erlendum vettvangi.
- Sjávarútvegurinn hefur hins vegar kallað eftir opinberri upplýsingavefsíðu um íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið, veiðarfæri, afurðir, o.s.frv., sem nýta mætti við sölu og markaðssetningu á erlendum vettvangi.
- Í tillögunum hér á eftir verður horft til þess að styrkja ímynd íslenskra sjávarafurða á erlendri grundu, án beinnar aðkomu stjórnvalda að markaðsmálum einstakra sjávarútvegsfyrirtækja.



Tillaga 28

Tryggja þarf áherslu á sjávarútveg innan Íslandsstofu

- Í ljósi mikilvægi sjávarútvegs fyrir íslenskt efnahagslíf er lagt til að markað verði ákveðið hlutfall eða fjöldi unninna vinnustunda fyrir sjávarútveginn, innan Íslandsstofu.
- Greina markaði íslenskra sjávarafurða með það að markmiði að sjá hver eru tækifæri til stöðugs framboðs og hvaða áherslur myndu skila sér best.
- Tryggja aukið fjármagn til Íslandsstofu samhliða aukinni áherslu.






Tillaga 29

Vinna stefnu um markaðssetningu Íslands (marketing of nations)




- Tilgangurinn er að styrkja ímynd Íslands og þar með hvers kyns íslenskra afurða á erlendri grundu.
- Unnin verði stefna með alþjóðlegum markaðssérfræðingum, þar sem samræmd verða skilaboð á milli geira og ákveðin ímynd þannig fest í sessi.

Jákvætt viðhorf til íslenskra vara



Fyrirlestur Daða Guðjónssonar á Sjávarútvegsráðstefnunni árið 2019: "Brand audit – what do consumers really think of seafood from Iceland."

Hversu mikill er áhuginn hjá þér að læra meira um Ísland?



68% fiskneytenda í Bretlandi, Bandaríkjunum, Frakklandi og Spáni segjast vilja vita meira um Ísland



Tillaga 30

Koma á fót opinberum upplýsinga-, gæða- og sjálfbærnivettvangi



- Stjórnvöld geta nýtt vettvanginn til að setja fram jákvæða hvata og verðlauna fyrir góðan árangur í málefnum sem ýta undir góða ímynd Íslensks sjávarútvegs á erlendri grundu, s.s. með upprunamerkingum, auknum rafrænum rekjanleika, fullvinnslu og mælanlegum árangri í sjálfbærnimálum, hvort sem snýr að umhverfi, félagslegum þáttum eða stjórnarháttum (UFS).
- Kaupendur íslenskra sjávarafurða geta nýtt sér vettvanginn til að fræðast um íslenskan sjávarútveg; fiskveiðistjórnunarkerfið, veiðarfæri, afurðir, heilnæmi sjávarafurða o.s.frv. Einnig til þess að kynna sér hvernig íslensk sjávarútvegsfyrirtæki standi sig í UFS-málum og hver þeirra skari fram úr öðrum.
- Þau sjávarútvegsfyrirtæki sem stæðu sig best gætu fengið að skreyta sig ákveðnum gæðamerkjum íslenskra stjórnvalda til árs í senn. Vettvangurinn getur nýst sjávarútvegsfyrirtækjum sem gagnagátt í tengslum við skýrslu- og upplýsingaskil fyrirtækja til stjórnvalda. Einnig sem hluti af markaðsefni, bæði í tengslum við fyrirkomulag og sjálfbærni íslenskra fiskveiðistjórnunarkerfisins.



Tillaga 30 – framhald

Koma á fót opinberum upplýsinga-, gæða- og sjálfbærnivettvangi

- Horfa mætti til írsku matvælaframleiðsluvettvangsins www.origingreen.ie.
- Vettvang sem þennan mætti fjármagna meðal annars með hluta af veiðigjöldum.



Origin Green er áætlun Írlands um sjálfbæra matvælaframleiðslu. Áætlunin sameinar markmið stjórnvalda, framleiðenda og fyrirtækja í allri virðiskeðju matvæla og drykkja frá frumframleiðslu til sölu til neytenda. Áætlunin gerir írskum matvælaframleiðendum og söluaðilum matvæla kleift að setja sér mælanleg sjálfbærnimarkmið með tilliti til umhverfissjónarmiða og samfélagslegrar ábyrgðar til framtíðar.



Upprunamerkingar og íslenski fáninn

Árið 2016 var lögum nr. 34/1994 um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið breytt á þann veg að heimilt var að nýta þjóðfánann í merki, á söluvarning, umbúðir og í auglýsingar, sé varan íslensk og fánanum ekki óvirðing gerð. Í lögnum er nánar skilgreint hvenær vara teljist íslensk.

Fyrir notkun þjóðfánans í vörumerki þarf þó leyfi Neytendastofu og skráningu hjá Hugverkastofunni.

Séu gæðamál í góðu horfi yrði það til aukinnar vitundar og styrkingar ímyndar, íslenskum efnahag til góðs, ef íslenskar sjávarafurðir yrðu alla jafna merktar íslenska fánanum.

Allar tilraunir til þess að takmarka notkun orðsins „íslenskt“ eða „Icelandic“ vinna á endanum gegn heildarhagsmunum íslenska ríkisins, séu gæði varanna eða þjónustunnar fullnægjandi.

Umfjöllun um innihaldsmerkingar, næringarmerkingar, upprunamerkingar og merkingar um kolefnisfótspor í skýrslu samráðshóps um merkingar matvæla (Betri merkingar matvæla (2020)).





Tillaga 31

Auka vitund um mikilvægi og heimild til notkunar íslenska fánans eða annarrar upprunamerkingar á íslenskar sjávarafurðir



- Einfalda ferli við skráningu vörumerkja sem innihalda íslenska fánann
- Almennt er það hlutverk Hugverkastofu að veita réttindi en Neytendastofu að vera í eftirlitshlutverki. Þegar kemur að notkun fánans í vörumerki er hins vegar tekið það viðbótarskref að Neytendastofa þarf einnig að veita réttindin, þ.e. leyfi fyrir notkun fánans.
- Lagt er til að ferlið verði einfaldað á þann hátt að mat á því hvort heimilt sé að nota íslenska fánann í vörumerki verði fært yfir til Hugverkastofu, þannig að veiting réttindanna verði á einum stað.
- Fræðsla til aðila markaðarins.
- *Sjá einnig tillögu „um að auka aðgengi greinarinnar að menntuðu fólki í markaðsfræði og sölustýringu í sjávarútvegi“ í kafla H um menntun.*



Tillaga 32


Þrýsta á upprunaupplýsingar og upplýsingar um kolefnisfótspor



- **Þrýsta á upprunaupplýsingar og upplýsingar um kolefnisfótspor á matseðlum og í verslunum.** Upprunamerkingar eru leið til að ná til ferðamanna á Íslandi, sem eru óplægður akur.
- **Þrýsta á upprunamerkingar og kolefnisfótsporsupplýsingar um íslenskar sjávarafurðir á alþjóðavettvangi.** Sjávarútvegurinn hefur kallað eftir auknum sýnileika æðstu ráðamanna stjórnvalda á erlendri grundu. Pólitísk skilaboð stjórnvalda á erlendum vettvangi um sjálfbærar veiðar, gæðamál, hreina orku, o.s.frv., styðja við ímyndarmál íslenskra sjávarafurða.

Þegar „hágæða sjávarafurðir“ ber á góma, hvaða land kemur upp í huga þér?

- 188% Munur á þeim sem hafa ekki heimsótt Ísland og þeim sem hafa heimsótt Ísland



Heimild: Fyrirlestur Daða Guðjónssonar á Sjávarútvegsráðstefnunni árið 2019: [“Brand audit – what do consumers really think of seafood from Iceland.”](#)



Tillaga 33

Yfirfara regluverk og aðgerðir innan fiskveiðistjórnunar, hvort þar séu þættir sem hamli eða skapi neikvæða hvata gegn stöðugu framboði íslenskra sjávarafurða

- Stöðugleiki í framboði sjávarafurða er stoð undir upprunamerkingar erlendis á íslenskum sjávarafurðum, sem er þáttur í ímyndaruppbyggingu.





Alþjóðasamskipti og orðspor

Orðspor

Orðspor íslensks sjávarútvegs er gott hjá þeim sem til þekkja í alþjóðlegum sjávarútvegi. Fiskveiðikerfið þykir gott. Horft er til gæða, sjálfbærra veiða, hás tæknistigs og nýsköpunar.

Alþjóðasamningar

Bretland, ESB og Bandaríkin eru mikilvægustu viðskiptalönd Íslands þegar kemur að sjávarafurðum. Japan, Kína og Úkraína eru einnig mikilvæg viðskiptalönd þegar kemur að uppsjávartegundum.

Fríverslunarsamningurinn við ESB er frá árinu 1994 og tók þá til 98% útflutningsafurða Íslands. Vegna breytinga á vöruframboði Íslendinga nær samningurinn í dag einungis til 68% útflutningsafurða Íslands. Niðurstaða nýlegra samningaviðræðna við Bretland, við útgöngu þeirra úr ESB, voru óbreytt kjör í samræmi við samninginn frá 1994. Lágir tollar eru á innflutningi sjávarafurða til Bandaríkjanna en kynnt hefur verið frumvarp á Bandaríkjaþingi sem felur í sér gerð fríverslunarsamnings við Ísland.

Hefði Ísland verið með tollalaus viðskipti með fisk og fiskafurðir til ESB á árinu 2021 hefði ávinningurinn numið tæpum 2,4 milljarði króna.



Áhrif styrkja til erlendra vinnslna


Samkeppnisstaða íslenskrar fiskvinnslu er að veikjast, m.a. vegna styrkja ESB til fiskvinnslu innan ESB. Náí erlendar vinnslur, með ódýrara vinnuafli og nálægð við markaði, upp sama tæknistigi og gæðum og innlendar vinnslur, þá verður samkeppnisstaða erlendra vinnslu enn betri.

Tollar geta m.a. ýtt undir útflutning á óunnu hráefni sem ber engan toll inn í ESB. Karfi sem gámafiskur og sjófrystur fiskur ber 2,2% toll en tollur á karfa sem er verkaður innanlands ber 5,4% toll.

Aðilar markaðarins virðast nokkuð sammála um að vinnsluskylda og álagning á útflutning óunninna afurða sé ekki ákjósanleg. Vilji er innan SFS til aukinnar vinnslu innanlands.

Markmiðið er að hámarka verðmætasköpun héraendis og fá hæstu verð úr unnum eða óunnum afla. Hafa þarf í huga hvaða verð fæst á hvaða stigi virðisbætur og vinna aflann með tilliti til þess. Þó má ekki líta fram hjá hliðaráhrifum innlendra vinnslu.

Útflutningur á ferskum heilum fisk –
Hlutfall af heildarafla




Heimild: Hagstofa Íslands



Brottnám tolla og fríverslun

Brottnám tolla og fríverslun einfaldar viðskipti og eykur samkeppnishæfni. Fríverslun gæti leitt til meiri vinnslu héraendis, vöruþróunar, nýsköpunar og tækniframfara, sem allt myndi leiða til aukinnar virðissköpunar fyrir íslenskt efnahagslíf.



Spá um útflutningsverðmæti til 2030 samkvæmt [Staða og horfur í íslenskum sjávarútvegi og fiskeldi](#), miðað við að vel sé hlúið að styrkleikum íslensks sjávarútvegs, svo sem nýtingarstefnu fiskstofna, fiskveiðistjórnunarkerfinu og öflugu samspili hefðbundinna sjávarútvegsfyrirtækja og tækni- og þekkingarfyrirtækja.




Tillaga 34

Stjórnvöld vinni að því að ná fram hagstæðari tollasamningum / fríverslunarsamningum

- Endurskoðun fríverslunarsamninga við Bretland og Evrópusambandið, þar sem horft er til fleiri tegunda afurða og unninna afurða. Hvatt til gerðar fríverslunarsamnings við Bandaríkin.
- Tryggja þarf að í samningunum sé endurskoðunarákvæði, sem boði reglulega endurskoðun í takt við þróun á vöruframboði frá Íslandi.





Kafli H

Menntun



Menntun tengd sjávarútvegi

Þótt sjávarútvegur sé ein mikilvægasta atvinnugrein landsins er hann lítt sýnilegur á öllum stigum almenna skólakerfisins, þrátt fyrir víðtæka snertingu hans við menntakerfið, svo sem við líffræði, tæknigreinar, iðngreinar, viðskiptagreinar, raungreinar o.s.frv. Sjávarútvegur er þannig ekki eins líklegur valkostur og hann gæti verið þegar ungt fólk velur sér framhaldsnám eða starf.

Samræður við stjórnendur sjávarútvegsfyrirtækja, menntastofnanir og fleiri aðila gefa svipaða mynd af brýnustu þörfum greinarinnar varðandi menntun. Það sem þykir helst skorta eru fleiri með tæknimenntun og starfs- og iðnmenntun. Hlutfall útskrifaðra úr verk- og starfsnámi og úr tækninámi er t.a.m. mun hærra á hinum Norðurlöndunum.

Til þess að fjölga nauðsynlegum starfskröftum í sjávarútvegi þarf að auka sýnileika geirans í menntakerfinu, auka tengsl við og nýta aðgengi að sjávarútvegsfyrirtækjum, færa nám nær sjávarútveginum og forma það þannig að það nýtist víðar og sé þverfaglegra.

Þá er fjölbreyttur hópur nemenda lykill að fjölbreytileika við stjórnvöl íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja.



Tillaga 35

Efla samráðsvettvang um menntun í sjávarútvegi fyrir sjávarútvegsfyrirtæki, rannsóknar- og menntastofnanir

- Virkt samráð á milli sjávarútvegsfyrirtækja, rannsóknar og menntastofnana, sér í lagi á framhalds- og háskólastigi, veitir sýn á framtíðarþarfir geirans varðandi menntun.
- Tenging menntunar, á öllum skólastigum, við það sem er að gerast í veiðum, vinnslu, flutningum, sölu, tækniþróun, o.s.frv., eykur skilning og áhuga. Úrræðin gætu spannað frá heimsóknum yfir í ítarleg hagnýt rannsóknarverkefni.





Tillaga 36

Tryggja að skólar geti tekið við og menntað fleiri nemendur

- Til þess að hlutfall útskrifaðra úr iðn- og starfsnámi og úr tækninámi verði í takt við þarfir framtíðarinnar þarf að tryggja að skólar geti tekið við og menntað vel þann fjölda nemenda sem þörf er á, í þeim greinum er tengjast sjávarútvegi.





Tillaga 37

Stjórnvöld standi fyrir kynningarátaki á fjölbreyttum námsmöguleikum og störfum í sjávarútvegi fyrir öll skólastig



- Aukinn sýnileiki kveikir áhuga, sem ýtir undir eftirspurn eftir menntun og störfum.
- Kynningarefni, á öllum skólastigum, sýni fjölbreytileika hvað varðar kyn, uppruna o.fl., tengt mismunandi störfum.
- Byggja mætti kynningarátakið meðal annars á starfsemi Sjávarútvegsskóla unga fólksins og Fiskeldisskóla unga fólksins.
 - Sjávarútvegsskóli unga fólksins og Fiskeldisskóli unga fólksins eru reknir út frá Sjávarútvegsmiðstöð Háskólans á Akureyri. Um er að ræða fjögurra daga námskeið fyrir 14 til 16 ára nemendur. Markmið þeirra er að efla áhuga og auka þekkingu á sjávarútvegi og fiskeldi og benda nemendum á menntunar- og starfsmöguleika í heimabyggð.



Tillaga 38

Breyta ímynd og námsumhverfi á námsbrautum tengdum sjávarútvegi og laða að fjölbreyttari nemendahópa með tilliti til kyns og uppruna

- Markviss vinna á karllægum námsbrautum tengdum sjávarútvegi til að breyta ímyndinni og námsumhverfinu og laða að fjölbreyttari nemendahóp með tilliti til kyns og uppruna.
- Tryggja starfsfólki af erlendu bergi í sjávarútvegi aðgengi að menntun og starfsþróun.
- Gefa öllu erlendu starfsfólki tækifæri til að læra íslensku á vinnutíma.





Tillaga 39

Bjóða og styðja við nám í tæknifögum, iðngreinum og fleiri lykilfögum sjávarútvegs sem næst heimabyggðum um allt land



- Staðsetning náms hefur áhrif á val fólks á framtíðarþúsetu. Nám í eða nærri sjávarútvegi styður við það að sjávarútvegurinn hafi nægt aðgengi að þeim mannauð sem þörf er á.
- Í stað þess að byggja upp skóla og sjálfstæðar námsbrautir í heilu lagi, má auka samstarf á milli menntastofnana.
 - *Samstarf Háskólans í Reykjavík og Háskólans á Akureyri um tölvunarfræðikennslu á Akureyri hefur gert mörgum tugum einstaklinga kleift að ljúka háskólanámi í tölvunarfræði á staðnum, sem hefur verið mjög til hagsbóta fyrir fyrirtæki í landshlutanum. Þar með talin sjávarútvegsfyrirtæki.*
- Leysa má þörf fyrir verklega þjálfun í verk- og tækninámi með aðkomu fyrirtækja á staðnum.
 - *Þegar eru til staðar áætlanir um uppbyggingu tæknifræði á Austurlandi þar sem aðstaða fyrirtækja er nýtt fyrir verklegan þátt námsins.*
- Nauðsynlegt er að stjórnvöld styðji við slíkt samstarf og leggi til nauðsynlegt fjármagn svo menntastofnanir geti sinnt slíkum verkefnum til viðbótar við þau verkefni sem þau hafa að grunni til.



Tillaga 40

Efla og þróa þverfaglegt nám sem tengist sjávarútvegi

- Stórauka þarf framboð af sérfræðingum með þverfaglega þekkingu og menntun, þ.e. með tengingu á milli sjávarútvegsgreina og annarra viðfangsefna, svo sem tölvunarfræði.
- Sterkar hefðir standa í vegi fyrir því að nemendur geti sótt sér þekkingu sem brúar bil á milli ólíkra viðfangsefna. Styrkja þarf viðurkenningu þverfaglegs náms og fá menntastofnanir til að minnka kjarna námsbrauta.





Tillaga 41

Draga úr íþyngjandi áhrifum löggildinga

- Stórefla þarf sveigjanleika í námi á bæði framhaldsskóla- og háskólastigi svo aðlaga megi námið að hröðum breytingum í heiminum og þannig tryggja sjávarútveginum þá þekkingu sem þarf á hverjum tíma.
- Löggildingar takmarka þróun námsbrauta.
- Löggildingar takmarka aðgengi hæfra einstaklinga að störfum.





Tillaga 42

Færa seinni hluta lengri námslína í iðn- og tækninámi á framhaldsskólastigi upp á háskólastig

- Með því geta nemendur nýtt námið áfram til frekara háskólanáms í stað þess að þurfa að byrja frá grunni, vilji nemendur sækja sér háskólagráðu. Námið nýtist nemendum betur og verður eftirsóknarverðara.





Tillaga 43

Efla menntun og rannsóknir í upplýsingatækni á Íslandi, með áherslu á gervigreind og hagnýtingu stórra gagnasafna



- Þekking á upplýsingatækni er undirstaða greininga og ákvarðanatöku á grunni fjölpátta gagna.
- Byggja þarf upp getu innan sjávarútvegsfyrirtækja til að nýta gögn og greiningar til að taka ákvarðanir, en til þess þarf að efla aðgengi að sérfræðipekkingu og efla þverfaglega þekkingu þar sem saman koma til dæmis þekking á vinnslu og gagnagreiningu. *(sjá tillögu um eflingu þverfaglegs náms í kafla H um menntun).*
- Nauðsynlegt er að alþjóðlegt samstarf sé hluti af þessari framþróun, enda þróunin í þessum geira gríðarlega hröð. Þarf að auðvelda erlendum sérfræðingum að vinna hér á landi og stofnunum og fyrirtækjum að vinna með erlendum samstarfsaðilum.
- Íslensk fyrirtæki í sjávarútvegi og tengdum greinum þurfa aðgengi að þeirri þekkingu og hæfni sem þarf til að þróa stafrænar lausnir innan fyrirtækja, milli aðila og fyrir stjórnvöld.
- *Sjá einnig kafla J um nýtingu gagna.*



Tillaga 44

Auka aðgengi greinarinnar að menntuðu fólki í markaðsfræði og sölustýringu í sjávarútvegi

- Auka þarf og festa í sessi þekkingu á stefnumiðaðri markaðssetningu og sölustýringu, sem tóli til þess að tryggja aðgengi að erlendum mörkuðum, stöðuga eftirspurn og há verð.
- Skoða hvort auka þurfi menntun í markaðsfræði og sölustýringu í sjávarútvegi eða nýta í auknum mæli hvata til að fá til landsins erlenda sérfræðinga.
- *Sjá einnig kafla G um markaðssetningu, sölu og orðspor.*





Skref 3



Sanngjörn dreifing

I. Auðlindagjöld

J. Gagnsæi
sjávarútvegsfyrirtækja

K. Starfsumhverfi í sjávarútvegi

L. Löggjöf á sviði
fiskveiðistjórnunar



Kafli I


Auðlindagjöld



Auðlindagjald

Með auðlindagjaldi er átt við endurgjald fyrir afnot eða hagnýtingu á eignum sem eru í eigu þjóðarinnar.

Veiðigjald og arðgreiðslur



Myndin sýnir veiðigjald og arðgreiðslur í sjávarútvegi
Heimild: Hagstofa Íslands og gagnagrunnur Deloitte



Veiðigjald

Veiðigjaldið hefur tekið ýmsum breytingum síðan því var komið á árið 2004.

■ **1. gr. Markmið.**

□ Veiðigjald er lagt á í þeim tilgangi að mæta kostnaði ríkisins við rannsóknir, stjórn, eftirlit og umsjón með fiskveiðum og fiskvinnslu og til að tryggja þjóðinni í heild beina og sýnilega hlutdeild í afkomu við veiðar á nytjastofnum sjávar.

Veiðigjaldið hefur þá kosti að það er tengt afkomu útgerðar og framkvæmdin er einföld fyrir framkvæmdaraðila (Skattinn) en þó hefur veiðigjaldið ýmsa ókosti:

- Útreikningar auðlindagjalds eru ógagnsæir og flóknir
- Byggja á upplýsingum úr rekstri fortíðar
- Erfitt að ákvarða rétt verð í útreikningum
- Ógagnsæjar heimildir um meðferð afskrifta
- Óvissa hjá fyrirtækjum um upphæð álagðs auðlindagjalds á hverjum tíma
- Ólíkar virðiskeðjur flækja útreikninga



Tillaga 45

Hækka veiðigjald og einfalda útreiknings þess

- Hækkun veiðigjalds kynni að leiða til meiri sáttar um sjávarútveg en jafnframt verður að gæta að samkeppnishæfni útgerða á alþjóðlegum mörkuðum. Starfshópar hafa ekki lokið skoðun sinni á auðlindarentu og auðlindagjaldi.
- Ætla má að sé útreikningur og álagning veiðigjalds einfaldur og gagnsær geti það aukið sátt um fyrirkomulagið.
- Veiðigjald verði ákveðið með reglubundnum hætti sem kr./kg hveðrar tegundar og innheimt við löndun.
- Ákvörðun veiðigjalds t.d. með svipuðu sniði og ákvörðun skiptaverðs og tekur mið af afkomu sjávarútvegs á hverjum tíma.
- Rannsaka þarf betur útreikningsaðferðir og útfæra ákvarðanatöku.
- Sé ekki unnt að útfæra einfaldara fyrirkomulag veiðigjalda má hugsa sér breytingar á núverandi fyrirkomulagi veiðigjalds sem draga kynnu úr ókostum þess.





Tillaga 46

Taka upp fyrningaleið

- Í stað veiðigjaldsleiðar er hægt að beita samningaleið eða fyrningaleið eins og rakið er í kafla 2.
- Með fyrningaleið fynast allar aflahlutdeildir um fastan hundraðshluta á ári en með því er komið á festu um varanleika hlutdeildanna um leið og umráðaréttur þjóðarinnar yfir auðlindinni er skýrt skilgreindur.
- Með hinum tímabundna en skýra afnotarétti sem í þessu felst er greitt fyrir því, að handhafar aflahlutdeilda geti farið með þær sem óbein eignarréttindi, t.d. varðandi framsal og veðsetningu.
- Síðan er gert ráð fyrir því, að fyrndar aflahlutdeildir verði seldar jafnóðum aftur á markaði eða á uppboði.
- Rannsaka þarf áhrif upptöku fyrningaleiðar vandlega.





Byggðaröskun og mögulegur auðlindasjóður

Ef byggðarlag lendir í vanda vegna mikils samdráttar í sjávarútvegi, er þá rétta aðgerðin að freista þess að auka vægi sjávarútvegs í byggðarlaginu?

Ef markmið línuívilnunar, skel- og rækjubóta og almenns byggðakvóta var að efla byggð í landinu, hvað tekur þá við? Hvaða úrræða er hægt að grípa til í byggðamálum?

Til viðbótar við þær tillögur sem fram koma í kaflanum um fiskveiðistjórnun mætti grípa til þess ráðs að stofna auðlindasjóð með lögbundinni dreifingu til sveitarfélaga.



Tillaga 47

Auðlindasjóður og lögbundin dreifing til sveitarfélaga

- Krafa um að fjármunum sé varið í verkefni sem tengjast byggðapróun.
- Tekjum af auðlindagjaldi gæti verið safnað í sérstakan auðlindasjóð og ætíð verði tiltækar upplýsingar um umfang sjóðsins og þróun hans yfir tíma.
- Lögbundið að ákveðið hlutfall sjóðsins renni til sveitarfélaga.
- Athuga þarf mögulegar útfærslur m.t.t. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 sem reynslu af auðlindalögum nr. 57/1998 og þjóðlendulögum nr. 58/1998.





Kafli J

Gagnsæi sjávarútvegsfyrirtækja



Gagnsæi í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja

Gagnsæi um nýtingu á auðlindinni þarf að vera tryggt og er liður í að skapa traust.

Gagnsæi þeirra sem nýta auðlindina er ábótavant t.d. varðandi eignarhald.

Stjórnvöld verða að hafa yfirsýn yfir eigendur útgerða og eigna- og stjórnunartengsl milli þeirra sem er forsenda þess að reglur um kvótapak nái markmiðum sínum.

Fiskistofu skortir rauntímaupplýsingar um eignarhald útgerða, eignatengsl o.fl.





Tillaga 48

Aukið gagnsæi í eignarhaldi sjávarútvegsfyrirtækja

- Tekin verði upp bætt miðlun rauntímaupplýsinga til stjórnvalda um eignarhald útgerða, svo og eigna- og stjórnunartengsl milli þeirra.
- Upplýsingar færðar í rafrænan gagnagrunn stjórnvalda sem stenst kröfur um persónuvernd – jafnframt mikilvægt að efla samstarf stofnana á þessu sviði.





Tillaga 49

Aukið gagnsæi í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja

- Tekjur og framlegð sundurliðuð í reikningsskilum eftir tegundum ef útgerð veiðir fleiri en eina.
- Öll viðskipti með aflaheimildir verði háð skráningu í opinn gagnagrunn.
- Skapaðir hvatar fyrir útgerðir til að skrá sig á markað.





Eigna- og stjórnunartengsl innan sjávarútvegs og í óskyldum greinum

Kvótapakið kom upphaflega inn í lög 1998 og var ætlað að sporna gegn of mikilli samþjöppun og stækkun einstakra útgerða þannig að hamli samkeppni og nýliðun. Ágreiningur ríkir um viðmið laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 varðandi skilgreiningu tengdra aðila. Kvótapaksreglurnar byggja á þröngri skilgreiningu á tengdum aðilum, miðað við meirihlutaeign eða yfirráð í félagi.

Vafi hefur skapast um hvenær tengsl milli útgerða eru slík að þær teljist tengdir aðilar gagnvart kvótapaki. Álitafni er hvort kvótapaksreglurnar nái tilgangi sínum óbreyttar eða þarfnist endurskoðunar. Er ástæða til að amast við eignatengslum sjávarútvegs í óskyldum greinum og þá hvers vegna?

Þetta viðfangsefni virðist helst heyra undir verksvið samkeppnisyfirvalda í ljósi hlutverks þeirra að fylgjast með samkeppni og hringamyndun.





Tillaga 50

Úttekt á áhrifum eigna- og stjórnunartengsla innan sjávarútvegs og í óskyldum greinum

- Fiskistofa leggi mat á eigna- og stjórnunartengsl útgerða með reglubundnum og markvissum hætti og fái nauðsynleg verkfæri til þess.
- Gerð verði fræðileg úttekt á því hvaða áhrif eignatengsl innan sjávarútvegs og milli óskyldra greina geta haft á samkeppni og aðra almannahagsmuni.





Tillaga 51

Önnur viðmið um hámarksaflahlutdeild og tengda aðila

- Hámarksaflahlutdeild samkvæmt 13. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða er bundin við einstakar tegundir.
- Heildarkvótapakið er reiknað út frá þorskígildum.
- Uppsjávartegundir hafa t.d. áhrif á þorskígildisútreikninga.
- Hægt væri að breyta 13. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 er varðar hámarksaflahlutdeild og falla frá þorskígildisviðmiði varðandi heildarkvótapak og taka upp viðmið um hámarksaflahlutdeild í hverri tegund fyrir sig.
- Skilgreining á tengdum aðilum vegna kvótapaks verði samræmd við það sem gildir á öðrum sviðum þannig að nái betur utan um ólíkar gerðir eigna- og stjórnunartengsla:
 - Hverfa frá eða breyta skilgreiningu um yfirræð í lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006. Styðjast þá við skilgreiningu á tengdum aðilum í öðrum lögum samhliða ríkari kröfum um upplýsingaskyldu af hálfu einstaklinga og lögaðila sem njóta nýtingarréttar skv. lögum um stjórn fiskveiða





Kafli K

Starfsumhverfi í sjávarútvegi



Starfsumhverfi í sjávarútvegi

Mikilvægt er að innan sjávarútvegsins sé öryggismenning.

Öryggismál voru ekki hluti af upphaflegu umfangi starfshópanna heldur komu inn eftir ábendingu.

Bæði hefur stjórnkerfi sjávarútvegsins áhrif á öryggismál, svo sem sú ákvörðun að strandveiðar skyldu einungis stundaðar að sumri, og einnig hafa öryggismál áhrif á áhuga á því að starfa innan geirans og þar með mönnun hans.





Öryggismál – Líkamlegt öryggi


Banalysatíðni á sjó hefur minnkað mikið undanfarna áratugi og eru banaslys orðin mjög fátíð. Þar skiptir tilvist Slysavarnarskóla sjómanna gríðarmiklu.

Töluvert er enn um önnur slys bæði á sjó og í landi en ekki er til staðar fullnægjandi tölfræði um þau slys. Talið er að um 1/3 slysa á sjó skili sér til RNSA.

Fyrirtæki í sjávarútvegi þurfa að greiða háar tryggingar vegna slysatíðni og skilmála um tryggingar sjómanna. Sá skaði sem sjómenn verða fyrir verður þó aldrei metinn til fjár og markmið um að ná árangri í öryggismálum fyrst og síðast fyrir starfsmenn og fjölskyldur þeirra.

Verulegur skortur virðist vera á eftirliti með björgunaræfingum og ÖHV málum (öryggi, heilsa, vinnuumhverfi) til sjós.

Látur í sjóslysum á fimm ára tímabili



Heimild: Samgöngustofa (2022)



Líkamlegt öryggi

Samkvæmt könnun á vegum Samgöngustofu á líðan sjófarenda, frá árinu 2019, skorti þá áhættumat fyrir 42% skipa.

Er til áhættumat (hættumat) fyrir skipið sem þú starfaðir á þann 28. júlí 2019?




● Já ● Nei



Líkamlegt öryggi frh.

Samkvæmt sömu könnun telur töluverður hluti sjófarenda nauðsynlegt að bæta ástand öryggismála um borð í sínu skipi.

Nauðsynlegt er að bæta ástand öryggismála um borð í mínu skipi



Meðaltal

6,4 (+0,2)





Tillaga 52

Samstillt átak stjórnvalda og fyrirtækja í sjávarútvegi um sífellda og nútímalega öryggisfræðslu í sjávarútvegi

- Markviss og nútímaleg öryggisfræðsla í iðn-, starfs- og tækninámi.
- Regluleg uppfræðsla á milli þess sem starfsmenn fara í Slysavarnarskólann.





Tillaga 53

Skylda öll fiskiskip til að innleiða öryggisstjórnunarkerfi


- Skylda öll fiskiskip til að innleiða öryggisstjórnunarkerfi.
- Innleiðing skráningarkerfis rannsóknarnefndar samgönguslysa í sjávarútvegi, Atviks, á skilvirkan hátt.
- Markviss gagnasöfnun sem nýtist til úrbóta, t.d. í gegnum Atvik.





Andlegt öryggi

Samkvæmt áðurnefndri könnun á vegum Samgöngustofu á líðan sjófarenda, frá árinu 2019, er ljóst að kynferðislegt áreitni fyrirfinnst um borð og að gera þarf bragarbót á eineltismálum á sjó.



Reglugerð um einelti, aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum nær ekki til starfsemi á sjó.





Tillaga 54

Bæta umgjörð um andlegt öryggi starfsmanna til sjós

- Lögleiða vinnulöggjöf um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á sjó.
- Tryggja skilvirkt eftirlit með öryggis-, heilsu- og vinnuumhverfismálum þ.m.t. sálfélagslegum þáttum, til sjós líkt og í landi sbr. 25. gr. skipalaga nr. 66/2021.
- Áframhaldandi samræmdar mælingar á líðan starfsmanna til sjós og úrvinnsla þeirra.





Jafnrétti

Til eru greiningar á stöðu kvenna í sjávarútvegi.


Verulega hallar á þátttöku kvenna í sjávarútvegi þegar kemur að störfum til sjós og stjórnendastörfum í landi.

Millistjórnendum hefur fjölgað undanfarin ár en enn fer lítið fyrir konum í æðstu stjórnendastöðum.

Átök og vitundarvakning um konur til sjós (t.d. #kvennastarf) virðast enn sem komið er hafa skilað takmörkuðum árangri í þá veru að fjölga konum til sjós.

Skýrsla fyrir samgönguráðuneytið: [Vinna kvenna á sjó \(2008\)](#)

Hlutfall vinnustaða þar sem konur eru í tilteknum störfum



Spurt um hvaða störf konur sinna á vinnustaðnum (hlutfall af vinnustöðum).

Heimild: [Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri, Staða kvenna í sjávarútvegi árið 2021 frá sjónarhóli fyrirtækja og stofnana.](#)



Jafnrétti

Það vakti verulega athygli á síðasta ársfundi Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi 12. maí 2022 að þar væri engin kona í nýkjörinni stjórn en 19 karlmenn.

„Það sló mig svolítið þegar ég kom hérna í dag og frétti að nú væri komin ný stjórn SFS. Það er 19 manna stjórn og þar eru núll konur í stjórninni. Íðnaður sem ætlar að halla sér fram og breyta heiminum, búa til aðgreinanleika, getur ekki hagað sér svoleiðis. Þetta er algjörlega forkastanlegt og það liggur mér á hjarta, af því að nú vinn ég við að ráðgefa fyrirtækjum út um allan heim, þetta er ekki hægt. Þetta á eftir að koma í bakið á ykkur.“

Klemens Hjartar ráðgjafi og meðeigandi að McKinsey og co.

„Þarna verðum við að taka okkur tak. Það er ekki neinn annar en við sjálf sem eigum að gera betur þar. Það sama á kannski við um þegar talað er um eignarhald og kynslóðaskipti. Og það er nú einu sinni þannig að enginn kemst hjá kynslóðaskiptum. Þannig er einfaldlega tímans hjól. Næstu ár eru ár umbreytinga í sjávarútvegi. Það verða áskoranir í þessum kynslóðaskiptum. Við þurfum að gera það vel og við þurfum að gera það í góðu samtali við samfélagið.“

Heiðrún Lind Marteinsdóttir framkvæmdastjóri SFS



Tillaga 55

Gildissvið löggjafar um kynjakvóta í stjórnun verði útvíkkað þannig að skyldan nái til hagsmuna- og félagasamtaka yfir ákveðinni stærð

Í mars árið 2010 samþykkti Alþingi frumvarp þess efnis að bæði konur og karlar skuli eiga fulltrúa í stjórn einkahlutafélaga og hlutafélaga (Lög um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög nr.2/1995) þar sem fleiri en 50 starfsmenn starfa að jafnaði þegar stjórn er skipuð þremur mönnum, og þegar stjórnarmenn eru fleiri en þrír skal tryggt að hlutfall hvors kyns fyrir sig sé ekki lægra en 40%. Í maí 2011 samþykkti Alþingi sambærileg lög um kynjakvóta í stjórnun lífeyrissjóða þann 1. september 2013 tóku þessi lög gildi og eiga við um alla lífeyrissjóði, hlutafélög, einkahlutafélög, samlagshlutafélög og opinber hlutafélög þar sem starfa fleiri en 50 starfsmenn á ársgrundvelli.

- Lagt er til að eitt kyn (karl, kona, kvár) skuli ekki vera hærra hlutfall en 60% stjórnar.





Tillaga 56

„Kvenna/kvára“ fyrsta togarann í íslenskum sjávarútvegi þannig að konur/kvár séu a.m.k. 30% starfsfólks um borð

„Stolt siglir fleyið mitt“

- Stundum þarf að þrýsta á fyrsta skref breytinga.
- Finna þarf áhugasamt útgerðarfélag, til samstarfs um verkefnið.





Tillaga 57

Skilja stöðu fjölbreytileikans

- Halda áfram greiningum á stöðu kvenna í sjávarútvegi.
- Útvíkka greininguna yfir á öll kyn, kynhneigð og innlendan / erlendan uppruna.





Tillaga 58

Hvetja til þess að laus störf í sjávarútvegi séu auglýst til umsókna

- Hæft fólk af hvaða kyni sem er mun ekki sækja um störf sem þau vita ekki af.





Kaflí L

Löggjöf á sviði fiskveiðistjórnunar



Löggjöf á sviði fiskveiðistjórnunar

Lagaumgjörð og stjórnýsla matvælaráðuneytis (2022)

Löggjöf á sviði fiskveiðistjórnunar er mörg hver komin til ára sinna og eru elstu lögin frá 1914. Í dag er efnisreglum um stjórn fiskveiða skipt á milli nokkurra lagabálka. Slíkt fyrirkomulag getur valdið réttaróvissu og hefur Umboðsmaður Alþingis m.a. bent á það í álitum sínum.

Núgildandi löggjöf er því óaðgengileg og torveld í notkun fyrir stjórnvöld og borgara.

Þá hafa á síðustu áratugum verið gerðar fjölmargar lagabreytingar og „plástrað“ við núgildandi löggjöf.

Yfirlit helstu laga á sviði fiskveiðistjórnunar

Lög um stjórn fiskveiða, [nr. 116 10. ágúst 2006](#)

Lög um umgengni um nytjastofna sjávar, [nr. 57 3. júní 1996](#)

Lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, [nr. 79 26. maí 1997](#)

Lög um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, [nr. 44 5. apríl 1948](#)

Önnur lög á sviði fiskveiðistjórnunar

Lög um vinnslu afla um borð í skipum, [nr. 54 16. maí 1992](#)

Lög um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, [nr. 151 27. desember 1996](#)

Lög um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, [nr. 22 8. apríl 1998](#)


Lög um beitutekju, [nr. 39 2. nóvember 1914](#)

Lög um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot, [nr. 4 11. apríl 1924](#)

Lög um sérstakt gjald vegna ólögmeats sjávarafla, [nr. 37 27. maí 1992](#)



Hægt að einfalda og samræma löggjöf





Tillaga 59

Einfalda og samræma löggjöf á sviði fiskveiðistjórnunar í ein heildarlög

- Einfalda og samræma regluverk um fiskveiðistjórnun og fiskveiðar í ein heildarlög m.a. lög um stjórn fiskveiða nr. 116/2006, lög um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996, lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 79/1997, lög um vinnslu afla um borð í skipum nr. 54/1992, lög um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla nr. 37/1992, lög um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins nr. 44/1948 og svo framvegis.
- Endurskoða samhliða reglugerðir er varða stjórn fiskveiða á grundvelli nýrra heildarlaga.
- Tilgangurinn að skýra og einfalda regluverk um fiskveiðistjórnun í einum heildarlögum.
- Eyða réttaróvissu við beitingu laga og reglna þegar kemur að fiskveiðistjórnun.
- Beiting löggjafarinnar gerð skýrari og aðgengilegri fyrir stofnanir, fyrirtæki og almennt fyrir borgara.





Stjórnarskrá lýðveldisins Ísland

Hugmyndir um auðlindaákvæði í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands eiga sér langa forsögu og er ástæðan einna helst það mikla umfang auðlinda á Íslandi og efnahagslegt mikilvægi þeirra.

Flestar grunnstoðir íslenskra útflutningsatvinnuvega byggjast á þessum auðlindum; í sjávarútvegi, orkufrekum iðnaði og á síðustu árum einnig í ferðapjónustu.

Fyrirkomulag auðlindanýtingar skiptir því miklu máli fyrir framtíð efnahagsþróunar á Íslandi og miklir hagsmunir eru í húfi, enda hafa mjög skiptar skoðanir verið um stjórn auðlindamála og meðferð auðlinda í eigu og forsjá ríkisins.



Ágreiningur hefur verið um inntak eignarréttar

- Styr hefur staðið um inntak þjóðareignarhugtaks 1. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006.
- Ágreiningur hefur einnig ríkt um inntak þess nýtingarréttar sem einstaklingum og lögaðilum er fenginn með lögum um stjórn fiskveiða.
- Fiskveiðistjórnarkerfinu komið á fót með lögum og hægt er að breyta því eða afnema með lögum.
- Hættan sú að nytjastofnar á Íslandsmiðum (og aðrar náttúruauðlindir) verði varanlega framseldar með lögum.





Tillaga 60


Lögfesta í stjórnarskrá ákvæði um fiskveiðiauðlindina sem sameign þjóðarinnar




- Tryggja að náttúruauðlindir séu í þjóðareign, þ.m.t. fiskveiðiauðlindin.
- Eyða þannig óvissu um inntak 1. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006.
- Í stjórnarskrám víða er að finna ákvæði um náttúruauðlindir, má helst vísa til 1. mgr. 112. gr. norsku stjórnarskrárinnar þar sem segir að nýta eigi náttúruauðlindir út frá langtíma- og heildarhagsmunum þannig að ekki sé gengið á rétt komandi kynslóða.
- Lögfesta auðlindaákvæði í stjórnarskrá lýðveldisins Ísland.
- Líta til frumvarps til stjórnskipunarлага um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1994 um m.a. auðlindir náttúru Íslands sem lagt var fram á 151. löggjafarþingi 2020-2021, [þingskjal 787-466. mál.](#)



4. Viđaukar



Umgengni



Umgengni — Hlutverk starfshóps

1. Umgengni um sjávarauðlindina
2. Vistkerfisnálgun, verndarsvæði, sjónarmið varúðar og aflareglur
3. Rannsóknir á lífríki hafsins og vísindaleg ráðgjöf
4. Orkuskipti — grænn sjávarútvegur
5. Vigtun, brottkast, eftirlit og viðurlög



Umgengni — Hópurinn


Gréta María Grétarsdóttir,
forstjóri Arctic Adventures, formaður

Freydís Vigfúsdóttir,
sérfræðingur, matvælaráðuneytið

Halla Jónsdóttir,
framkvæmdastjóri, Optitog

Jónas Rúnar Viðarsson,
sviðsstjóri, Matís

Sigurður Ingi Friðleifsson,
framkvæmdastjóri, Orkustofnun



Ađgengi



Aðgengi – Hlutverk starfshóps

1. Samkeppni, verðlagsmál og aðgangshindranir
2. Eignatengsl í sjávarútvegi og óskyldum greinum
3. Aukið gagnsæi í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja
4. Kynslóðaskipti og nýliðun



Aðgengi – Hópurinn



Eggert Benedikt Guðmundsson,
verkfræðingur, formaður

Alda B. Möller,
matvælafræðingur

Arnór Snæbjörnsson,
lögfræðingur

Friðrik Árni Friðriksson Hirst,
framkvæmdastjóri, Lagastofnun

Ingveldur Ásta Björnsdóttir,
framkvæmdastjóri, North 65



Tækifaeri



Tækifæri – Hlutverk starfshóps

1. Rekjanleiki afla
2. Fullvinnsla, gæðamál og hringrásarhagkerfið
3. Stafræn umbreyting
4. Hugverkaréttur
5. Rannsóknir, þróun og nýsköpun
6. Alþjóðasamskipti og orðspor Íslands
7. Markaðssetning
8. Menntun
9. Jafnrétti



Tækifæri — Hópurinn



Ingunn Agnes Kro,
framkvæmdastjóri, Jarðvarmi, formaður

Ari Kristinn Jónsson,
framkvæmdastjóri, AwareGO

Hildur Ingvarsdóttir,
skólameistari, Tækniskólinn

Hilmar Bragi Janusson,
framkvæmdastjóri, Kvika banki

Óskar Veigu Óskarsson,
sölustjóri, Marel



Samfélag



Samfélag — Hlutverk starfshóps

1. Samfélagsleg staða — ágreiningur um stjórn fiskveiða og möguleiki til samfélagslegrar sáttar
2. Mat á þjóðhagslegum ávinningi fiskveiðistjórnunarkerfisins
3. Alþjóðlegur samanburður á fiskveiðistjórnunarkerfum, sjálfbærni og samkeppnishæfni
4. Samþjöppun veiðiheimilda
5. Staða standbyggða — byggðakvótar og strandveiðar og möguleg styrking
6. Veiðigjöld og skattspor



Samfélag – Hópurinn

Gunnar Haraldsson,
framkvæmdastjóri Intellecton, formaður

Catherine Chambers,
rannsóknastjóri, Háskóla setur Vestfjarða

Hreiðar Þór Valtýsson,
dósent, Háskólinn á Akureyri

Katrín Júlíusdóttir,
framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja

Valgerður Sólnes,
dósent, Háskóli Íslands



Viðmælendur

Frá 30. ágúst 2022 hafa starfshóparnir hitt 122 sérfræðinga og hagaðila frá meira en 50 stofnunum, fyrirtækjum og samtökum í sjávarútvegi.





Viðmælendur

- Aðalsteinn Finsson, Tor
- Agnes Guðmundssdóttir, Icelandic Asia
- Alda Agnes Gylfadóttir, Einhamar
- Arnar Atlason, Tor
- Arthur Bogason, Landssamband smábátaeigenda
- Árni Geir Pálsson, Icelandic Group
- Árni Steinar Stefánsson, Starfsgreinasamband Íslands
- Ásdís Magnúsdóttir, Árnason Faktor
- Ásgeir Ingvi Jónsson, Rammi
- Ásmundur Baldvinsson, FISK Seafood
- Ásta Björk Sigurðardóttir, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi
- Ásta Dís Óladóttir, Háskóla Íslands
- Baldur Smári Einarsson, Samtök sjávarútvegssveitarfélaga
- Benedikt Sigurðsson, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi
- Bergur Einarsson, Brim
- Bergur Þór Eggertsson, Nesfiskur
- Birgir Sævarsson, Skipasýn
- Bjarki Elvarsson, Hafrannsóknastofnun
- Bjarni Ármannsson, Iceland Seafood
- Bjarni Bergsson, Marel
- Bjarni R. Heimisson, Reiknistofa fiskmarkaða
- Björgvin Þór Björgvinsson, Íslandsstofa
- Björn Brimar Hákonarson, Ísfélag Vestmannaeyja
- Björn Matthíasson, Vinnslustöðin
- Borghildur Erlingsdóttir, Hugverkastofu
- Catherine B. Chambers, Háskólasetur Vestfjarða
- Daði Már Kristófersson, Háskóli Íslands
- Edda Elísabet Magnúsdóttir, Háskóli Íslands
- Eiríkur Ó. Dagbjartsson, Þorbjörn
- Eiríkur Sigurðsson, Hugverkastofu
- Elín B. Ragnarsdóttir, Fiskistofa
- Erla Björg Guðrúnardóttir, Marz Seafood
- Erla Sturludóttir, Landbúnaðarháskóli Íslands
- Erna Jónsdóttir, Fiskistofa
- Fannar Jónasson, Samtök sjávarútvegssveitarfélaga
- Finnur Sveinbjörnsson, Landssamband smábátaeigenda
- Flosi Eiríksson, Starfsgreinasamband Íslands
- Frímann A. Sturluson, Navis
- Gestur Geirsson, Samherji
- Gísli Kristjánsson, Brim




Viðmælendur

- Gísli Nils Einarsson, Öryggisstjórnun
- Glen Matthews, Icelandic Seafood UK
- Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir, Hafrannsóknastofnun
- Guðmundur H. Gunnarsson, Skinney Þinganes
- Guðmundur Herbert Bjarnason, Brim
- Guðmundur Kristjánsson, Brim
- Guðmundur Ragnarsson, sérfræðingur í fjármögnun í sjávarútvegi
- Guðmundur Smári Guðmundsson, G.Run
- Guðmundur Þórðarson, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi
- Guðni Guðbergsson, Hafrannsóknastofnun
- Guðrún Marteinsdóttir, Taramar
- Gunnar Ásgeirsson, Skinney Þinganes
- Gunnar Stefánsson, Háskóli Íslands
- Halla Jónsdóttir, Optitog
- Halldór Leifsson, FISK Seafood
- Halldór Pálmar Halldórsson, Háskóli Íslands
- Haraldur Einarsson, Hafrannsóknastofnun
- Heiða Kristín Helgadóttir, Niceland
- Heiðmar Guðmundsson, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi
- Heiðrún Lind Marteinsdóttir, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi
- Hermann Haraldsson, Navis
- Hermann Úlfarsson, Íslenskt sjávarfang
- Hildur Hauksdóttir, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi
- Hilmar Snorrason, Slysavarnaskóli Sjómanna
- Hjörtur Emilsson, Navis
- Hólmgeir Jónsson, Sjómannasamband Íslands
- Hrefna Karlsdóttir, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi
- Hrönn Egilsdóttir, Hafrannsóknastofnun
- Ingveldur Ásta Björnsdóttir, North 65
- Jóhann Vignir Gunnarsson, Þorbjörn
- Jón B. Stefánsson, Tækniskólinn
- Jón Björn Hákonarson, Samtök sjávarútvegssveitarfélaga
- Jón Kristinn Sverrisson, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi
- Jón Páll Kristófersson, Rammi
- Jónas Gestur Jónasson, Deloitte
- Jónas Viðar Rúnarsson, Matís
- Karl Hjálmarsson, Iceland Seafood International
- Kristján Hjaltason, Norebo
- Kristoffer Bødker, Sérfræðingur
- Magnús Jónsson, Iceland Seafood



Viðmælendur

- Ólafur Friðriksson, Matvælaráðuneytið
- Ómar Bogason, Síldarvinnslan
- Ómar Enoksson, Vísir
- Pétur Friðbjartsson, Byggðastofnun
- Pétur Grétarsson, Byggðastofnun
- Pétur H. Pálsson, Vísir
- Pétur Vilhjálmsson, Hugverkastofu
- Ragnar Hjörtur Kristjánsson, Reiknistofa fiskmarkaða
- Ragnar Smári Guðmundsson, Reiknistofa fiskmarkaða
- Rebekka Hilmarsdóttir, Samtök sjávarútvegssveitarfélaga
- Reinhard Reynisson, Byggðastofnun
- Róbert Ingi Tómasson, Síldarvinnslan
- Rósa Guðmundsdóttir, G.Run
- Rúnar Björgvinsson, Íslenskt sjávarfang
- Sigríður Guðmunda Ólafsdóttir, Tækniskólinn
- Sigurður Guðjónsson, Landsvirkjun
- Sigurður Þórðarson, fv. ríkisendurskoðandi
- Sigurgeir Bárðason, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi
- Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, Vinnslustöðin
- Sindri Gíslason, Náttúrufræðistofnun Íslands
- Snorri Sigurðsson, Náttúrufræðistofnun Íslands
- Stefán Friðriksson, Ísfélag Vestmannaeyja
- Steinar Þór Ólafsson, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi
- Steingrímur Gunnarsson, Marel
- Steinunn Hilma Ólafsdóttir, Hafrannsóknastofnun
- Sturlaugur Haraldsson, Norebo
- Sveinn Margeirsson, Brim
- Sverrir Haraldsson, Vinnslustöðin
- Sævar Birgisson, Skipasýn
- Torfi Þ. Þorsteinsson, Brim
- Torfi Þórhallsson, Optitog
- Unnsteinn Guðmundsson, G.Run
- Valgerður Freyja Ágústsdóttir, Samtök sjávarútvegssveitarfélaga
- Valmundur Valmundsson, Sjómannasamband Íslands
- Víglundur Laxdal Sverrisson, Tækniskólinn
- Willum Andersen, Vinnslustöðin
- Þorsteinn Sigurðsson, Hafrannsóknastofnun
- Þórdís Björt Sigþórsdóttir, Umhverfisstofnun
- Þóroddur Bjarnason, Háskólinn á Akureyri
- Ægir Páll Friðbertsson, Brim
- Ögmundur Knútsson, Fiskistofa
- Örn Pálsson, Landssamband smábátæigenda



Verkefni í gangi **Greinargerð um stöðu hafrannsókna**

Í október 2022 skilaði Jóhann Sigurjónsson, fyrrum forstjóri Hafrannsóknarstofnunar greinargerð um stöðu haf- og fiskirannsókna og leiðir til að efla þær. Greinargerðinni er ætlað að gefa yfirlit um stöðu haf- og fiskirannsókna á Íslandi, mikilvægi þeirra og leiðir til að efla þær á næstu árum og áratugum.

Fréttatilkynning um greinargerð um stöðu haf- og fiskirannsókna skilað til matvælaráðherra 7. október 2022.



Verkefni í gangi Stjórnunar- og eignatengsl

Liður í starfi Auðlindarinnar okkar er kortlagning stjórnunar- og eignatengsla í sjávarútvegi. Matvælaráðuneytið hefur gert samning við Samkeppniseftirlitið um athugun á stjórnunar- og eignatengslum í sjávarútvegi. Athuguninni er fyrst og fremst ætlað að auka gagnsæi og bæta stjórnsýslu á sviði eftirlits með stjórnunar- og eignatengslum í sjávarútvegi. Í athuguninni felst upplýsingasöfnun og kortlagning eignatengsla sjávarútvegsfyrirtækja sem hafa fengið úthlutað ákveðnu umfangi aflaheimilda og áhrifavaldi eigenda sjávarútvegsfyrirtækja í gegnum beitingu atkvæðisréttar og stjórnarsetu í fyrirtækjum.

Við vinnslu skýrslunnar er stefnt að því að mótuð verði upplýsingatækniumgjörð sem nýtist við frekari kortlagningu og eftirlit með stjórnunar- og eignatengslum í íslensku atvinnulífi almennt.

[Fréttatilkynning um vinnu við kortlagningu stjórnunar- og eignatengsla í sjávarútvegi 5. október 2022.](#)

Aflahlutdeild 20 stærstu fyrirtækja í þorskígildum
í upphafi fiskveiðiárs 2022/2023

1	Brim hf.	10,26%
2	Samherji Ísland ehf.	6,78%
3	FISK-Seafood ehf.	6,24%
4	Þorbjörn hf.	5,32%
5	Skinney-Þinganes hf.	4,43%
6	Vísir hf.	4,33%
7	Rammi hf.	4,27%
8	Vinnlustöðin hf.	4,17%
9	Síldarvinnslan hf.	3,79%
10	Útgerðarfélag Reykjavíkur hf.	3,56%
11	Nesfiskur ehf.	3,49%
12	Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf.	3,25%
13	Ísfélag Vestmannaeyja hf.	2,71%
14	Gjögur hf.	2,17%
15	Útgerðarfélag Akureyringa ehf.	1,85%
16	Jakob Valgeir ehf.	1,80%
17	Loðnuvinnslan hf. Fáskrúðsfirði	1,52%
18	Bergur-Huginn ehf.	1,37%
19	Hraðfrystihús Hellissands hf	1,29%
20	KG Fiskverkun ehf.	1,23%



Verkefni í gangi **Hagrænir útreikningar**

Matvælaráðuneytið hefur falið Sveini Agnarssyni og Vífli Karlssyni að vinna hagræna útreikninga vegna vinnu við sjávarútvegsstefnu. Meðal verkefna er að meta efnahagslegan árangur af mismunandi leiðum í núverandi kerfum og meta efnahagsleg áhrif mismunandi sviðsmynda við breytingar.



Verkefni í gangi **Tillögur um markvissari gagnaöflun og úrvinnslu**

Matvælaráðuneytið og Intellecta hafa gert með sér samning um markvissari og skilvirkari öflun og úrvinnslu gagna í sjávarútvegi. Í greininni verður til mikið magn af gögnum frá rekstraraðilum, stjórnsýslunni og rannsóknargögn sem skila sér ekki alltaf á sömu staði og nýtist því ekki sem skyldi.

Markmið þessa verkefnis er annars vegar að greina hvaða gögnum er safnað í sjávarútvegi í dag, hvar þau eru, hverjir þurfa á þeim að halda og hins vegar að benda á tækifæri og leiðir til að nýta gögnin betur til virkari stjórnsýslu, eftirlits og til eflingu rannsókna.

Beinn ávinningur verkefnisins er betri yfirsýn yfir gögnin, staðsetningu þeirra og þær upplýsingar sem unnar eru úr þeim. Þessi vitneskja gerir kleift að meta hvernig nýta megi betur gagnasöfnunina til að auka þekkingu og auka hagræði í greininni.

[Fréttatilkynning um skilvirkari gagnaöflun og vinnslu 18. nóvember 2022.](#)





Verkefni í gangi **Skoðanakönnun**

Matvælaráðuneytið hefur gert samning við Félagsvísindastofnun um að framkvæma skoðanakönnun um sjávarútveg meðal almennings. Skoðanakönnuninni er ætlað að varpa ljósi á skoðanir og viðhorf almennings á einstaka liðum íslensks fiskveiðistjórnunarkerfis.